

Í íþróttufréttum er þetta helst
Samanburður á íþróttufréttum íslenskra og danskra dagblaða

Eyjólfur Héðinsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í félags-og fjölmiðlafræði
Leiðbeinendur: Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason

Félags-og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félags-og fjölmiðlafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa

© Eyjólfur Héðinsson 2016

Reykjavík, Ísland 2016

Útdráttur

Fyrirferð íþrótta í fjölmiðlum hefur farið stigvaxandi á undanförunum árum og má með sanni segja, að fjölmiðlar og íþróttir séu tveir óaðskiljanlegir þættir í nútímasamfélagi. Sem mikill áhugamaður um íþróttir og fjölmiðla, þá hef ég veitt því eftirtekt að misræmið í íþróttafjölmiðlun er töluvert, þegar kemur að ákveðnum atriðum íþróttasviðsins. Þannig eru íþróttir karla mun meira til umfjöllunar en íþróttir kvenna á íþróttasíðum dagblaðanna, ákveðnar íþróttir eru mun fyrirferðarmeiri en aðrar og þá beinist umfjöllun dagblaðanna að ákveðnum svæðum á meðan önnur hljóta minni athygli.

Markmiðið með þessu BA-verkefni var að innihaldsgreina fjögur dagblöð, tvö íslensk og tvö dönsk og athuga hvort munur væri á íþróttaumfjöllunum fjölmiðla, í þessum tveimur löndum. Til þess að rannsóknin gæfi sem áreiðanlegasta niðurstöðu voru valdar fjórar vikur, sem dreifðust jafnt yfir árið 2013 og útgáfublöð þeirra vikna innihaldsgreind. Íþróttufréttir þessara dagblaða voru flokkaðar eftir ákveðnum breytum, til þess að kanna betur það misræmi sem er til staðar, í ákveðnum þáttum íþróttaumfjöllunar. Afrakstur innihaldsgreiningarinnar var gríðarstórt gagnasafn, sem niðurstöðukafli þessarar ritgerðar byggir á.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær, að munurinn á fjölmiðlaumfjöllun íslenskra og danskra dagblaða af íþróttum er minni háttar. Í báðum löndum er hlutfall íþróttufrétta af konum mjög lágt, sömu íþróttir eru fyrirferðarmestar og þá er innlend umfjöllun í meirihluta. Vissulega greinir á milli í ákveðnum atriðum íþróttaumfjöllunarinnar, en í stórum dráttum er munurinn á íþróttufréttum íslenskra og danskra dagblaða minniháttar.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til BA-gráðu í félags-og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin er metin til 12 eininga (ECTS) og er hún hluti af 120 eininga námi í félagsfræði og 60 eininga fjölmiðlafræðinámi. Leiðbeinendur verksins voru Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason og kann ég þeim bestu þakkir fyrir frábært samstarf. Auk þeirra, vil ég þakka Víði Sigurðssyni, umsjónarmanni íþróttadeildar Morgunblaðsins, Eiríki Stefáni Ásgeirssyni, starfsmanni íþróttadeildar Fréttablaðsins, Christian Thye-Petersen, ritstjóra íþróttadeildar Jyllands-Posten og Jakob Melgaard, starfsmanni íþróttadeildar Metroxpressen, kærlega fyrir veitta aðstoð.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli.....	4
Myndayfirlit.....	7
Töfluyfirlit.....	9
1. Inngangur.....	10
1.2 Íþróttir og fjölmiðlar.....	10
1.3 Innlendar rannsóknir á innihaldi íþróttufréttu.....	11
1.3.1 Birtingarmyndir kynjanna í íslenskum íþróttufréttum dagblaðanna á árunum 1999-2000.....	11
1.3.2 Íþróttufréttir í dagblöðum árið 2006.....	12
1.3.3 Íþróttufréttamenska á Íslandi.....	12
1.4 Erlendar rannsóknir á innihaldi íþróttufréttu.....	13
1.4.1 Rannsókn Danish Institute for Sports Studies.....	13
1.4.2 Danski hluti rannsóknarinnar.....	13
2. Aðferðafræði.....	14
2.1 Rannsóknarspurning.....	14
2.2 Rannsóknaraðferð	14
2.3 Úrtak.....	15
2.4 Framkvæmd.....	16
3. Rannsóknarniðurstöður	17
3.1 Fjöldi og hlutfall íþróttufréttu.....	17
3.2 Auglýsingar á íþróttasíðum.....	17
3.3 Aðalfrétt á íþróttaforsíðu.....	18
3.3.1 Umfjöllun eftir kynjum.....	19
3.3.2 Myndir.....	19
3.3.3 Umfjöllun eftir íþróttagreinum.....	20
3.3.4 Umfjöllunarefni	21
3.3.5 Innlendar og erlendar fréttir.....	22

3.4	Allar íþróttafréttir.....	23
3.4.1	Umfjöllun eftir kynjum.....	23
3.4.2	Viðmælendur.....	25
3.4.3	Myndir.....	26
3.4.4	Umfjöllun eftir íþróttagreinum.....	28
3.4.5	Eftir umfjöllunarefni.....	36
3.4.6	Fréttastærð.....	36
3.4.7	Efnissnið (e. Genre).....	37
3.4.8	Heimildir og uppruni.....	38
3.4.9	Blaðamenn.....	39
3.4.10	Innlendar og erlendar fréttir.....	40
3.5	Viðtöl við starfsmenn miðlanna.....	44
3.5.1	Fyrirferð karla á íþróttasíðum dagblaðanna.....	44
3.5.2	Um efnistöð íþróttablaðanna.....	46
3.5.3	Starfsfólk íþróttadeildanna.....	47
4.	Umræður.....	47
4.1	Hlutfall kynjanna.....	47
4.1.1	Fjölmiðlavöktun Global Media Monitoring Project (GMMP).....	48
4.1.2	Fjölmiðlavöktun GMMP á Íslandi.....	49
4.1.3	Samanburður á fjölmiðlavöktun GMMP og íslenskum íþróttafréttum.....	49
4.1.4	Kynjamisræmið í íþróttafréttum dagblaðanna.....	50
4.2	Íþróttagreinar.....	51
4.3	Heimildir og uppruni.....	52
4.4	Innlend og erlend svæði.....	52
4.5	Starf íþróttablaðamannsins.....	53
5.	Lokaorð.....	53
6.	Heimildaskrá	55
Viðauki 1	56
Viðauki 2	58

Myndayfirlit

Mynd 1. Hlutfall karla, kvenna og kynblandaðra fréttu í aðalfréttum á íþróttaforsíðum dagblaðanna.....	19
Mynd 2. Hlutfall karla, kvenna, kynblandaðra mynda og skýringarmynda í aðalfréttum á íþróttaforsíðum dagblaðanna.....	20
Mynd 3. Hlutfall umfjöllunar aðalfréttu á íþróttaforsíðum dagblaðanna, eftir íþróttagreinum.....	21
Mynd 4. Hlutfall umfjöllunarefnis í aðalfréttum á íþróttaforsíðum dagblaðanna.....	21
Mynd 5. Hlutfall innlendra og erlendra fréttu í aðalfréttum, á íþróttaforsíðum dagblaðanna.....	22
Mynd 6. Hlutfall kynja sem viðfangsefnis í öllum íþróttufréttum dagblaðanna.....	23
Mynd 7. Hlutfall kynja í íþróttufréttum, ef smælki og íþróttufréttum almenns eðlis er sleppt.....	24
Mynd 8. Hlutfall viðmælenda eftir kyni í öllum íþróttufréttum dagblaðanna.....	25
Mynd 9. Hlutfall stöðu viðmælenda, óháð kyni í öllum íþróttufréttum dagblaðanna....	26
Mynd 10. Hlutfall karla, kvenna, kynblandaðra mynda og annarra mynda í íþróttufréttum dagblaðanna.....	27
Mynd 11. Hlutfall fréttu sem innihalda annað hvort skýringarmynd eða skjámynd í íþróttufréttum dagblaðanna.....	28
Mynd 12. Hlutfall þeirrar umfjöllunar sem hver íþróttagrein fyrir sig hlaut, af heildarumfjöllun íþróttufréttu dagblaðanna.....	29
Mynd 13. Hlutfallslegur fjöldi íþróttufréttu dagblaðanna, eftir umfjöllunarefni.....	36
Mynd 14. Hlutfallslegur fjöldi íþróttufréttu dagblaðanna, eftir stærð.....	37
Mynd 15. Hlutfallslegur fjöldi íþróttufréttu dagblaðanna, eftir tegund.....	38
Mynd 16. Hlutfall heimilda og/eða uppruna íþróttufréttu dagblaðanna.....	39
Mynd 17. Hlutfall innlendra og erlendra íþróttufréttu dagblaðanna.....	40

Mynd 18. Hlutfall innlendra svæða íþróttafréttu dagblaðanna.....41

Töfluyfirlit

Tafla 1. Fjöldi íþróttافرétta í dagblöðunum og hlutfall íþróttablaðsíðna að meðaltali, af blaðinu öllu.....	17
Tafla 2. Hlutfall auglýsinga að meðaltali, af íþróttablaðsíðum dagblaðanna.....	18
Tafla 3. Hlutfall þeirrar umfjöllunar sem hver íþróttagrein fyrir sig hlaut, af heildarumfjöllun íþróttافرétta dagblaðanna.....	29
Tafla 4. Hlutfall iðkenda íþróttagreina innan ÍSÍ af heildariðkendafjölda, hlutfallslegur fjöldi fréttu þessara sömu íþróttagreina í íslenskum dagblöðum og hlutfallslegur mismunur á milli iðkenda og fjölmiðlaumfjöllunar.....	31
Tafla 5. Hlutfall iðkenda íþróttagreina innan DIF af heildariðkendafjölda, hlutfallslegur fjöldi fréttu þessara sömu íþróttagreina í dönskum dagblöðum og hlutfallslegur mismunur á milli iðkenda og fjölmiðlaumfjöllunar.....	34
Tafla 6. Hlutfall erlendra svæða, af erlendum íþróttافرéttum dagblaðanna.....	42

1. Inngangur

Fjölmiðlar gegna margþættu hlutverki í nútímasamfélagi. Hlutverk þeirra felst m.a. í að upplýsa og fræða, auk þess sem þeir bjóða almenningi upp á ýmis konar afþreyingu. Það má með sanni segja að mikilvægi fjölmiðla sé ótvírætt, því þeir eru helsta upplýsinga- og afþreyingarveita almennings í dag. Afar erfitt er að ímynda sér nútímasamfélagið án fjölmiðla, því þeir umlykja okkur í hinu daglega lífi og mata okkur af efni sínu. Í kjölfar bættrar tækni á undanförunum áratugum hafa ítök og völd fjölmiðla aukist gríðarlega, ekki síst með innreið Internetsins á síðasta áratug 20. aldar. Fjölmiðlar hafa því gríðarleg áhrif á flest öll svið samfélagsins, m.a. íþróttasviðið.

1.2 Íþróttir og fjölmiðlar

Íþróttir skipa veigamikinn sess í nútímafjölmiðlun og fer fyrirferð þeirra stöðugt vaxandi, sérstaklega í sjónvarpi og á Internetinu. Samband íþróttar og fjölmiðla er óumdeilanlegt, því samhliða þessum mikla vexti fjölmiðla í heiminum, hefur íþróttageirinn einnig vaxið mikið. Vöxtur ákveðinna sviða innan íþróttahéimsins á sér, að miklu leyti stað, vegna þeirra miklu fjármuna sem fjölmiðlar eru tilbúnir að borga fyrir sjónvarpsrétt á íþróttafni, t.d. ensku knattspyrnunni, bandarískum körfubolta, Ólympíuleikum og fleiri íþróttaviðburðum. Þó eru það ekki bara íþróttirnar sem hagnast á þessari þróun, því gríðarlegt áhorf er á marga íþróttaviðburði, en það skilar sér í auknum auglýsinga- og áskriftartekjum fjölmiðla. Fjölmiðlar og íþróttir eru því óaðskiljanlegir þættir í nútímasamfélagi.

Fjöldi beinna útsendinga af íþróttakappleikjum eykst stöðugt og fleiri og fleiri fjölmiðlar eru farnir að helga sig eingöngu íþróttaumfjöllunum. Sem áhugamaður um íþróttir, þá hef ég veitt því eftirtekt að ákveðnar íþróttagreinar eru meira til umfjöllunar en aðrar. Þá eru karlmenn mun oftari viðfangsefni íþróttaumfjöllunar auk þess sem fréttirnar takmarkast oft af ákveðnum svæðum, á meðan önnur svæði hljóta litla sem enga athygli. Í markaðssamfélagi nútímans þá er þetta e.t.v. ekkert skrítið því markaðurinn

ræður. Framboð fjölmiðla svarar eftirspurn almennings. En hve mikið ætli misræmið sé í ákveðnum þáttum íþróttafréttanna, s.s. með tilliti til kyns umfjöllunarefnis, þeirra íþróttagreina og svæða sem eru til umfjöllunar o.s.frv.?

Í þessari ritgerð mun ég freista þess að svara þessum spurningum. Ég leitast eftir því að skoða nánar þau atriði sem helst er lögð áhersla á í íþróttablaðamennsku, en þetta mun ég gera með því að innihaldsgreina íþróttafréttir fjögurra dagblaða; tveggja íslenskra og tveggja danskra.

1.3 Innlendar rannsóknir á innihaldi íþróttafréttanna

1.3.1 Birtingarmyndir kynjanna í íslenskum íþróttafréttum dagblaðanna á árunum 1999-2000

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á íþróttafréttum íslenskra fjölmiðla. Hilmar Thor Bjarnason og Jódís Bjarnadóttir rannsökuðu birtingarmyndir kynjanna í íslenskum íþróttafréttum þriggja dagblaða á árunum 1999-2000. Niðurstöðurnar voru á þá leið, að tæp 85% íþróttafréttanna fjölluðu um íþróttir karla en rúmlega 7% um íþróttir kvenna. Um 8% fréttanna voru um íþróttir almennt. Þá voru rúmlega níu af hverjum tíu viðmælendum dagblaðanna karlkyns. Í þessari könnun kom því berlega í ljós sá mikli hlutfallsmunur sem var á umfjöllun um kynin í íþróttafréttum dagblaðanna á þessum tíma.

Auk kynjabreytunnar rannsökuðu Hilmar og Jódís hvaða íþróttagreinar fengu mesta umfjöllun og þar bar knattspyrna höfuð og herðar yfir aðrar íþróttagreinar. Um sex af hverjum tíu fréttum reyndust vera knattspyrnulegs eðlis (57%), en næst á eftir komu handknattleikur (14%) og körfuknattleikur (10%). Hlutfall annarra íþróttagreina náði ekki yfir 5% af heildarumfjölluninni (Hilmar Thor Bjarnason og Jódís Bjarnadóttir, 2000).

1.3.2 Íþróttافرéttir í dagblöðum árið 2006

Í BS-ritgerð Önnu Guðrúnar Steindórsdóttur frá íþróttabraut Kennaraháskóla Íslands, *Íþróttافرéttir í dagblöðum árið 2006*, voru íþróttافرéttir íslenskra dagblaða rannsakaðar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að um níu af hverjum tíu íþróttافرéttum fjölluðu um íþróttir karla, en ein af hverjum tíu fréttum höfðu íþróttir kvenna að viðfangsefni (10%). eru þessar tölur í samræmi við niðurstöður rannsóknar Hilmars og Jódísar, sem getið var hér að framan. Auk þessa, þá rannsakaði Anna hvaða íþróttagreinar væru mest til umfjöllunar og líkt og í rannsókn Hilmars og Jódísar hlutu boltaíþróttirnar mesta athygli. Rúmlega helmingur íþróttافرéttanna fjallaði um knattspyrnu (53%), um fjórðungur fréttanna var um handknattleik (27%) og tæplega tíund þeirra um körfuknattleik (8%). Þá voru 5% fréttanna um golf og samtals þöktu því þessar fjórar íþróttagreinar 93% íþróttaumfjöllunar dagblaðanna. Anna Guðrún rannsakaði einnig hlutfallið á milli innlendar íþróttaumfjöllunar og erlendar og reyndust rúm 60% fréttanna vera innlendar að uppruna, samanborið við tæp 40% erlendra íþróttافرétta (Anna Guðrún Steindórsdóttir, 2007).

1.3.3 Íþróttافرéttamennska á Íslandi

Viðfangsefni meistararitgerðar Kolbeins Tuma Daðasonar í blaða-og fréttamennsku frá árinu 2013, *Íþróttافرéttamennska á Íslandi*, var rannsókn á íþróttافرéttum íslenskra vefmiðla. Niðurstöður Kolbeins Tuma sýndu að 86% íþróttافرétta íslenskra vefmiðla fjölluðu um íþróttir karla, samanborið við 11% íþróttir kvenna. Um 3% fréttanna fjölluðu um bæði kynin eða um íþróttir almennt. Þessar tölur eru í samræmi við báðar rannsóknirnar sem getið er hér að framan, þ.e. rannsókn Hilmars og Jódísar frá árinu 2000 og rannsókn Önnu Guðrúnar frá 2006. Hvað varðar umfjöllun um ákveðnar íþróttagreinar voru niðurstöður Kolbeins þær sömu og í fyrrgreindum rannsóknnum. Knattspyrnan (63%) var sem fyrr langvinsælasta umfjöllunarefnið, en næst á eftir kom handknattleikur (16%) og loks körfuknattleikur (9%). Aðrar íþróttagreinar voru lítt sýnilegar. Þessar þrjár boltaíþróttir þöktu því um 88% allrar íþróttaumfjöllunar íslenskra

vefmiðla. Loks er rétt að geta niðurstaðna Kolbeins Tuma hvað varðar viðmælendur í íþróttufréttum, en 95% viðmælenda vefmiðlanna voru karlkyns (Kolbeinn Tumi Daðason, 2013).

1.4 Erlendar rannsóknir á innihaldi íþróttufrétta

1.4.1 Rannsókn *Danish Institute for Sports Studies*

Árið 2011 fór fram viðamikil rannsókn á vegum *Danish Institute for Sports Studies*, þar sem innihald íþróttufrétta dagblaða var greint mjög ítarlega. Þáttökulönd rannsóknarinnar voru 23 talsins og voru ákveðin dagblöð þeirra rannsökuð m.t.t. ákveðinna breyta. Niðurstöðurnar voru á þá leið að 85% allra íþróttufrétta höfðu íþróttir karla til umfjöllunar, á meðan tæplega ein af hverjum tíu fréttum dagblaðanna fjölluðu um íþróttir kvenna (9%). Hvað einstaka íþróttagreinar varðar, þá var knattspyrna (41%) langvinsælasta umfjöllunarefnið, tennis (8%) kom næst á eftir og loks ruðningur (5%). Hlutfall annarra íþróttagreina náði ekki yfir 5% af heildarumfjöllun. Þá sýndu niðurstöður rannsóknarinnar fram á, að 57% íþróttufréttanna fjölluðu um innlendar íþróttir, en 43% voru af erlendum vettvangi (Horky og Nieland, 2013).

1.4.2 Danski hluti rannsóknarinnar

Danmörk var eitt af þáttökulöndum rannsóknar *Danish Institute for Sports Studies*. Rúmlega átta af hverjum tíu íþróttufréttum dönsku dagblaðanna fjölluðu um íþróttir karla (83%), á meðan tæplega fimmtungur þeirra hafði íþróttir kvenna til umfjöllunar (17%). Knattspyrna var, líkt og í öðrum rannsóknum sem getið hefur verið hér að framan, langvinsælasta umfjöllunarefnið, en tæpur helmingur allra íþróttufrétta fjallaði um knattspyrnu. Hjólreiðar (10%) komu þar á eftir, þá handknattleikur (8%) og loks tennis (8%). Hlutfall annarra íþróttanna náði ekki yfir 5% af heildarumfjöllun. Innlendar íþróttufréttir þöktu um 60% íþróttufréttanna en þær erlendu voru um 40% (Idrættens Analyseinstitut, 2012).

2. Aðferðafræði

2.1 Rannsóknarspurning

Ljóst er af niðurstöðum fyrrgreindra rannsókna, að lítið jafnvægi er í íþróttaumfjöllun fjölmiðla m.t.t. hlutfalls karl-og kveníþróttufrétta, þeirra íþróttagreina sem hljóta mest rými og þeirra svæða sem helst eru til umfjöllunar. Miðað við fyrrgreindar rannsóknir, þá virðist þetta vera tilhneigingin, bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Rannsókn Önnu Guðrúnar á íslenskum dagblöðum er frá árinu 2006 og er, eftir því sem næst verður komist, sú nýjasta sem gerð hefur verið á íþróttufréttum íslenskra dagblaða. Þá eru niðurstöður dönsku rannsóknarinnar frá árinu 2011 og því þykir mér áhugavert að athuga hvort eitthvað hafi breyst á þessum árum sem liðin eru. Markmið rannsóknarinnar er því, að skoða þær áherslur sem eru í íþróttaumfjöllun íslenskra dagblaða annars vegar og danskra dagblaða hins vegar. Rannsóknarspurningin er:

Hver eru helstu áhersluatriði íslenskra dagblaða annars vegar og danskra dagblaða hins vegar, þegar kemur að íþróttaumfjöllun?

2.2 Rannsóknaraðferð

Innihaldsgreiningin sem stuðst er við þessari rannsókn, byggir á meginlegri aðferðafræði, en grundvallaratriði hennar eru m.a. tölfræði og aðrar hlutlægar upplýsingar. Meginlegar aðferðir eru heppilegar þegar setja á fram almennar kenningar og tilgátur um tengsl á milli ákveðinna félagslegra fyrirbæra, auk þess sem þær eru hentugar þegar bera á saman ákveðna þróun sem átt hefur sér stað, s.s. á sviði íþróttufrétta (Neuman, 2011). Meginlega aðferðafræðin byggir því á staðreyndum, þ.e. tölfræðilegum upplýsingum. Þar af leiðandi eru niðurstöður innihaldsgreiningarinnar í tölfræðilegu formi, sem ætti að varpa skýru ljósi á þær áherslur sem eru í íþróttaumfjöllun dagblaðanna, sem til rannsóknar eru.

Í innihaldsgreiningunni voru íþróttافرéttir dagblaðanna flokkaðar eftir ákveðnum breytum, sem ákveðnar voru fyrir gerð rannsóknarinnar. Þannig var hver einasta íþróttافرétt flokkuð eftir því, hvers kyns blaðamaður fréttarinnar var og við hvaða heimildir viðkomandi studdist við gerð fréttarinnar. Þá voru fréttirnar flokkaðar eftir stærð og það sama var gert við þær myndir sem birtust á íþróttasíðunum. Allar fréttirnar voru síðan flokkaðar eftir umfjöllunarefni og kyni auk þess sem viðmælendur fréttanna voru flokkaðir eftir ákveðnum reglum. Þá var landfræðileg lega umfjöllunarefnis fréttanna einnig flokkuð á ákveðin hátt. Breytulistann má sjá í viðauka 1, bls. 56-57.

Auk innihaldsgreiningarinnar, byggir rannsóknin á viðtölum sem tekin voru við starfsmenn íþróttadeilda þeirra dagblaða sem til rannsóknar voru. Á meðan meginlega aðferðafræðin byggir á tölfraðilegum upplýsingum, þá styðst eiginlega aðferðafræðin meira við túlkanir. Eiginlega aðferðafræðin styðst m.a. við viðtalsaðferð, þar sem spurningar og svör eru ekki á stöðluðu formi, heldur miða að því að fá viðmælendur til að lýsa reynslu sinni og upplifun á einhverju ákveðnu viðfangsefni, t.d. innihaldi íþróttasíðna dagblaða. Eiginlegi hluti rannsóknar minnar byggir því á viðtölum sem tekin voru við starfsmenn fjögurra mismunandi dagblaða. Spurningarnar sem lagðar voru fyrir blaðamenn miðlanna má sjá í viðauka 2, bls. 58-59.

2.3 Úrtak

Ákveðið var að velja tvö blöð frá hvoru landi; eitt áskriftarblað og eitt fríblað. Morgunblaðið og Jyllands-Posten voru áskriftarmiðlarnir sem rannsakaðir voru, en Fréttablaðið og Metroxpressen voru þau fríblöð sem fyrir valinu urðu. Til þess að rannsóknin gæfi sem áreiðanlegasta niðurstöðu voru valdar fjórar vikur, sem dreifðust yfir allt árið 2013. Með því móti átti að tryggja að allar íþróttagreinar væru stundaðar á rannsóknartímanum og ættu þar af leiðandi að vera í brennidepli fjölmiðla á einhverju af tímabilunum.

Við innihaldsgreininguna urðu eftirfarandi vikur fyrir valinu: 5. feb.-11. feb., 7. maí-13. maí, 6. ágúst-12. ágúst og 5. nóv.-11. nóv. Alls voru 28 tölublöð af Morgunblaðinu innihaldsgreind og það sama á við um Jyllands-Posten, en bæði þessi blöð eru gefin út daglega. Fréttablaðið er ekki gefið út á sunnudögum og því voru einungis 24 tölublöð þess innihaldsgreind. Útgáfutíðni Metroxpressen er heldur stopulli en hinna dagblaðanna þriggja, sérstaklega yfir sumartímann. Yfir vetrartímann er blaðið einungis gefið út fimm daga í viku, en á sumrin fækkar útgáfudögunum niður í þrjá. Því voru 16 tölublöð Metroxpressen innihaldsgreind í þessari rannsókn.

2.4 Framkvæmd

Innihaldsgreining íþróttufréttanna fór fram í gegnum Internetið, þar sem gagnagrunnar dagblaðanna fjögurra voru nýttir til upplýsingaöflunar. Allar íþróttufréttir þessara fjögurra dagblaða voru innihaldsgreindar, óháð því hvort þær voru á forsíðu blaðsins, baksíðu, í innblaði eða á þar til auðkenndum íþróttasíðum. Upplýsingarnar sem fengust við innihaldsgreininguna mynduðu gagnasafn, en í því voru fréttirnar flokkaðar eftir ákveðnum breytum. Niðurstöður meginlega hlutans byggja því á þeim upplýsingum sem fyrir koma í gagnasafninu.

Eigindlegi hluti rannsóknarinnar var í formi viðtala sem ég tók við starfsmenn íþróttadeilda dagblaðanna fjögurra. Ætlunin var að taka viðtöl við íþróttaritstjóra hvers miðils, en einungis tvö dagblaðanna höfðu yfir slíkum ritstjóra að ráða. Tekin voru viðtöl við þá báða, en á miðlunum sem störfuðu án ritstjóra, var farin sú leið að taka viðtal við almenna starfsmenn íþróttadeildanna, en þó þá sem höfðu starfað á miðlunum í lengri tíma. Viðtölin fóru fram í gegnum síma og þeim fylgt eftir með samskiptum í gegnum tölvupóst.

3. Rannsóknarniðurstöður

3.1 Fjöldi og hlutfall íþróttafréttar

Alls voru 2.015 fréttir innihaldsgreindar í dagblöðunum fjórum. Í töflu 1 sést hvernig fréttirnar skiptust á milli miðlanna og hve stórt hlutfall íþróttablaðsíðurnar voru að meðaltali af dagblaðinu öllu.

	MBL	FBL	JP	MX
Fjöldi fréttar	754	174	742	345
Hlutfall íþróttablaðsíðna af blaðinu öllu	6,7%	3,7%	6,0%	11,9%

Tafla 1. Fjöldi íþróttafréttar í dagblöðunum og hlutfall íþróttablaðsíðna að meðaltali, af blaðinu öllu

Í töflunni sést, að fjöldi íþróttafréttar áskriftarmiðlanna er mjög svipaður, enda var útgáfutíðni blaðanna sú sama, eða 28 blöð á þeim vikum sem til rannsóknar voru. Hlutfall íþróttafréttar af heildarblaði miðlanna er einnig mjög svipað og því er ljóst að þessir tveir áskriftarmiðlar leggja álíka mikla áherslu á íþróttumfjöllun í heildarumfjöllun sinni. Meiri munur er á fríblöðunum, þar sem tvöfalt fleiri íþróttafréttir reyndust vera í Metroxpressen samanborið við Fréttablaðið, þrátt fyrir mun færri tölublöð. Metroxpressen sker sig einnig frá hinu miðlunum þremur að því leyti, að tæp 12% alls blaðsins eru íþróttafréttir, á meðan hlutfall íþróttafréttar hinna miðlanna er töluvert lægra. Hlutfallið er áberandi lægst hjá Fréttablaðinu og má því varlega áætla að íþróttir hafi ekki átt upp á pallborðið hjá ritstjórum blaðsins, á þeim vikum sem rannsakaðar voru.

3.2 Auglýsingar á íþróttasíðum

Auglýsingar eru ein helsta tekjulind dagblaða. Hlutfall auglýsinga að meðaltali, á

Íþróttablaðsíðum dagblaðanna má sjá í töflu 2.

	MBL	FBL	JP	MX
Hlutfall auglýsinga á íþróttasíðunum	12,1%	47,1%	9,9%	15,4%

Tafla 2. Hlutfall auglýsinga að meðaltali, af íþróttablaðsíðum dagblaðanna


Það kemur e.t.v. ekki á óvart að fríblöðin, þ.e. Fréttablaðið og Metroxpressen, eru með hæst hlutfall auglýsinga í sínum dagblöðum, enda reiða þau sig ekki á áskriftargjöld líkt og áskriftarmiðlarnir tveir, Morgunblaðið og Jyllands-Posten. Athyglisvert er hið háa hlutfall auglýsinga í Fréttablaðinu. Fréttablaðið er ekki með neitt eiginlegt íþróttablað, heldur eru íþróttasíðurnar aftarlega í blaðinu og falla þannig inn í hið eiginlega Fréttablað. Því getur reynst vandmeðfarið að greina hvaða heilsíðuauglýsingar teljast sem hluti af íþróttablaðsíðum Fréttablaðsins, því einkar óljóst er hvar íþróttablaðsíðurnar byrja og enda. Oft á tíðum var það svo, að íþróttufréttir voru vinstra megin á blaðaopnu og auglýsing um íþróttaviðburði í sjónvarpi hægra megin á opnunni. Ef þetta var raunin, þ.e. að íþróttufréttir voru á vinstri opnu og auglýsing á þeirri hægri, þá var alltaf um íþróttatengda auglýsingu að ræða. Því var auglýsingin talin til íþróttahluta blaðsins, sem skýrir þetta háa hlutfall auglýsinga í Fréttablaðinu.

3.3 Aðalfrétt á íþróttaforsíðu

Líkt og fram hefur komið, þá er ekki eiginleg forsíða á íþróttufréttum Fréttablaðsins. Þetta reyndist líka vera raunin í Metroxpressen, því íþróttufréttir þessara miðla falla inn í hin eiginlegu blöð. Íþróttufréttir Morgunblaðsins og Jyllands-Posten tilheyra sérstöku íþróttablaði og því fer ekkert á milli mála hver forsíða þeirra er. Þegar aðalfréttir á íþróttaforsíðum dagblaðanna fjögurra voru greindar, var því unnið út frá því að aðalfrétt íþróttasíðna Fréttablaðsins og Metroxpressen væri sú frétt sem væri aðalfrétt á fyrstu blaðsíðu íþróttufréttanna.

3.3.1 Umfjöllun eftir kynjum


Eins og sjá má á mynd 1, þá fjalla langflestar aðalfréttir á íþróttaforsíðum dagblaðanna um íþróttir karla. Óhætt er að slá því föstu að aðalfréttir íþróttaforsíðna dagblaðanna séu mjög karllægar. Íslensku miðlarnir standa sig þó ögn betur þegar kemur að því að slá íþróttum kvenna upp sem aðalfrétt á forsíðu, en hlutfallið er samt sem áður mjög lágt. Athyglisvert er að af 28 aðalfréttum Jyllands-Posten, fjallaði engin þeirra eingöngu um íþróttir kvenna. Hlutfallið fer þó upp í 11% þegar kynblandaðar fréttir voru annars vegar. Einungis 6% forsíðufrétta Metroxpressen fjölluðu um íþróttir kvenna.



Mynd 1. Hlutfall karla, kvenna og kynblandaðra fréttu í aðalfréttum á íþróttaforsíðum dagblaðanna

3.3.2 Myndir

Eins og gefur að skilja, þá endurspeglar myndbirting aðalfrétta íþróttaforsíðnanna það, sem til umfjöllunar er í fréttinni hverju sinni. Því má varlega áætla að nokkurn veginn beint samband sé á milli þess hlutfalls sem birtist á mynd 1 og á mynd 2, en seinni myndin sýnir hlutfall kynjanna á myndum aðalfrétta á íþróttaforsíðum dagblaðanna.




Mynd 2. Hlutfall karla, kvenna, kynblandaðra mynda og skýringarmynda í aðalfréttum á íþróttaforsíðum dagblaðanna

Þetta er hins vegar ekki raunin. Hjá þremur dagblaðanna, þ.e. Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Jyllands-Posten, eykst hlutfall karla það mikið að íþróttakonur verða nánast ósýnilegar, þegar kemur að myndbirtingu í aðalfréttum á íþróttaforsíðum. Hjá Jyllands-Posten voru t.d. allar 32 myndirnar sem birtust með aðalfrétt íþróttasíðanna af karlmönnum. Hvað varðar Metroxpressen, þá lækkar hlutfall karlanna mikið, en það er vegna þess að blaðið birtir mikið af skýringarmyndum, sem skekkja því kynjahlutfallið. Ef skýringarmyndunum er sleppt og eingöngu myndir af íþróttafólki teknar með í reikninginn, þá eru 94% þeirra mynda sem birtast með aðalíþróttufrétt Metroxpressen af körlum. Aftur standa íslensku miðlarnir sig betur en þeir dönsku, þegar kemur að því að gæta jafnræðis í myndbirtingu kynjanna, þó hlutfallslegur munur á myndbirtingu kynjanna sé samt sem áður mjög mikill.

3.3.3 Umfjöllun eftir íþróttagreinum

Eins og sjá má á mynd 3, þá ber knattspyrna höfuð og herðar yfir aðrar íþróttagreinar þegar kemur að þeim íþróttagreinum sem helst eru til umfjöllunar í aðalfrétt á íþróttaforsíðum dagblaðanna.




Mynd 3. Hlutfall umfjöllunar aðalfrétta á íþróttaforsíðum dagblaðanna, eftir íþróttagreinum

Ef stærstu boltaíþróttirnar, þ.e. knattspyrna, handbolti og körfubolti eru lagðar saman, kemur í ljós að þær eru hlutfallslega mjög stórar þegar kemur að umfjöllunarefni aðalfrétta íslensku dagblaðanna. Í Morgunblaðinu þekja þessar íþróttir þrjár af hverjum fjórum fréttum íþróttaforsíðnanna. Dönsku miðlarnir einblína einnig í mjög miklum mæli á knattspyrnu og eru aðrar íþróttagreinar lítt sýnilegar sem aðalfréttir.

3.3.4 Umfjöllunarefni

Umfjöllunarefni aðalfrétta á íþróttaforsíðum dagblaðanna eru oftast nær fregnir af leikmannamálum og umfjallanir af keppnisleikjum frá deginum áður. Önnur mál, s.s. af fjármálum eða þjálfaramálum, eru sjaldnast á íþróttaforsíðum, hvað þá sem aðalfrétt. Niðurstöður fyrir umfjöllunarefni aðalfrétta íþróttasíðnanna, má sjá á mynd 4.




Mynd 4. Hlutfall umfjöllunarefnis í aðalfréttum á íþróttaforsíðum dagblaðanna

Líkt og mynd 4 sýnir, þá er umtalsverður munur á umfjöllunarefni aðalfrétta íþróttasíðna dagblaðanna. Leikmannamálin eru töluvert umfangsmeiri í íslensku fjölmiðlunum og kann það að skýrast af þeirri nánd sem ríkir í íslensku íþróttalífi. Íslenskir fjölmiðlamenn hafa greiðan aðgang að íslensku íþróttafólki en víða erlendis tíðkast það, að íþróttalið og íþróttafólk styðjist við fjölmiðlafulltrúa, sem þannig geta takmarkað aðganginn að því viðfangsefni sem fjölmiðlafólki finnst frétt næmt. Í stað fregna af leikmannamálum, bjóða dönsku fjölmiðlarnir upp á ítarlegar fréttaskýringar á efni eins og dómaramálum, lyfjamisferli og veðmálasvindli. Slíkar fréttir féllu undir flokkinn *annað*, sem er hlutfallslega hár á dönsku miðlunum, miðað við þá íslensku.

3.3.5 Innendar og erlendar fréttir

Á mynd 5 gefur að líta hlutfall innlendra og erlendra fréttu, þegar kemur að aðalfréttum íþróttaforsíðna dagblaðanna. Afar erfitt er að bera þessar niðurstöður saman við fyrri rannsóknir, því margir óvissuþættir koma við sögu, þegar innihaldsgreina á fréttir í innlendar fréttir annars vegar og erlendar fréttir hins vegar. Tekinn var sá pöll í hæðina að skilgreina fréttir af landsliðum heimalands dagblaðanna sem innlendar fréttir, hvort sem landsliðið var við keppni í heimalandinu eða á erlendri grundu. Ef erlent landslið var við keppni í heimalandi dagblaðs, var fréttin skilgreind sem erlend.



Mynd 5. Hlutfall innlendra og erlendra fréttu í aðalfréttum, á íþróttaforsíðum dagblaðanna


Stór hluti íþróttufrétta fjallar um íþróttafólk frá heimalandi dagblaðs, sem hefur

lífsviðurværi sitt af að æfa og keppa á erlendri grundu. Ákveðið var að skilgreina þær fréttir sem erlendar, því lítið er svo á að íþróttafólki séu fulltrúar liða sinna frekar en lands síns. Eins og sjá má, þá er innlend umfjöllun miðlanna mun fyrirferðarmeiri. Mest er hún á Jyllands-Posten (86%), en hlutfall innleindrar umfjöllunar á hinum þremur miðlunum er í kringum 80%.

3.4 Allar íþróttafréttir

3.4.1 Umfjöllun eftir kynjum

Mikill munur er á hlutföllum kynjanna, þegar allar íþróttafréttir eru skoðaðar, óháð því hvort þær eru á íþróttaforsíðu eður ei. Í þeim íslensku rannsóknum sem getið var hér að framan, þá voru íþróttir karla viðfangsefni íþróttafréttanna í tæplega níu af hverjum tíu tilfellum, samanborið við tæp 10% kvenfregna. Í alþjóðlegu rannsókn Danish Institute for Sports Studies, var hlutfall karla sem umfjöllunarefnis 85%, samanborið við 9% íþróttu kvenna (Horky og Nieland, 2013). Í danska hluta þessarar rannsóknar jafnaðist hlutfallið aðeins, þó karlarnir (83%) væru ennþá í miklum meirihluta, samanborið við kvenfólkið (17%) (Idrættens Analyseinstitut, 2012). Niðurstöður rannsóknar minnar má sjá á mynd 6.




Mynd 6. Hlutfall kynja sem viðfangsefnis í öllum íþróttafréttum dagblaðanna

Niðurstöður innihaldsgreiningar minnar sýna, að íslensku blöðin eru farin að veita íþróttum kvenna umtalsvert meiri athygli, samanborið við eldri rannsóknir á sama efni. Morgunblaðið og Fréttablaðið eru með mjög svipað hlutfall hvað kynjaskiptinguna

varðar. Meiri munur er á dönsku blöðunum, en Jyllands-Posten stendur sig best af þeim fjórum miðlum sem innihaldsgreindir voru. Metroxpressen einbeitir sér nánast eingöngu að íþróttum karla en í níu af hverjum tíu fréttum blaðsins voru íþróttir karla viðfangsefni fréttanna. Athyglisvert er að engar fréttir voru af íþróttum kvenna í tveimur af þeim tölublöðum Metroxpressen sem innihaldsgreind voru. Má því með sanni segja að þessi danski frímiðill sé karllægasti íþróttamiðilinn af þeim fjórum sem til rannsóknar voru. Ein stærsta fréttin sem Metroxpressen bauð upp á af íþróttum kvenna, fjallaði um brjóstaminnkun lítt þekktrar tenniskonu.

Í niðurstöðunum sem sýndar eru á mynd 6, eru allar fréttir dagblaðanna meðtaldar. Athyglisvert er að skoða sama efni ef minnstu fréttunum, svokölluðu smælki, er sleppt. Niðurstöður þess má sjá á mynd 7. Þá eru eingöngu millistórar fréttir, stórar fréttir og hálf-og heilsíðufréttir teknar með í reikninginn. Auk þess eru blandaðar fréttir og fréttir sem eru almenns eðlis, þ.e. óháð kyni, ekki taldar með.




Mynd 7. Hlutfall kynja í íþróttufréttum, ef smælki og íþróttufréttum almenns eðlis er sleppt

Eins og sést á mynd 7, þá breikkar bilið á milli kynjanna ef fyrrgreindum atriðum er sleppt. Gróflega má því leiða að því líkum, að því stærri sem fréttirnar eru, þeim mun líklegra er að karlmenn séu viðfangsefni íþróttufréttarinnar.

3.4.2 Viðmælendur

3.4.2.1 Eftir kyni

Í rannsókn Hilmars og Jódísar frá árinu 2000, reyndust 92% viðmælenda í íþróttufréttum dagblaðanna vera karlkyns, samanborið við 8% kvenkyns viðmælenda (Hilmar Thor Bjarnason og Jódís Bjarnadóttir, 2000). Kolbeinn Tumi kannaði einnig hlutfall viðmælenda í rannsókn sinni og reyndust karlmenn vera viðmælendur í 95% tilfella, en hlutfall kvenna var einungis 5% (Kolbeinn Tumi Daðason, 2013). Kyn viðmælenda var ekki athugað í erlendu rannsóknunum tveimur. Á mynd 8 gefur að líta niðurstöður innihaldsgreiningar minnar, á kynjahlutfalli viðmælenda miðlanna fjögurra.




Mynd 8. Hlutfall viðmælenda eftir kyni í öllum íþróttufréttum dagblaðanna

Á báðum dönsku miðlunum er hlutfall karlkyns viðmælenda 99%. Staðan á Fréttablaðinu er svipuð og hjá dönsku miðlunum, því 98% viðmælendanna eru karlkyns. Rödd íþróttakvenna fær að heyrast mest í Morgunblaðinu, en 9% viðmælendanna á íþróttasíðum blaðsins eru kvenkyns. Greinilegt er að konur koma nánast ekkert við sögu sem viðmælendur á blöðunum fjórum sem til rannsóknar voru.

3.4.2.2 Eftir stöðu

Á mynd 9 má sjá niðurstöðurnar fyrir stöðu viðmælenda, óháð kyni þeirra. Samanburður við fyrri rannsóknir er ekki mögulegur, því engar niðurstöður eru til staðar fyrir stöðu viðmælenda.




Mynd 9. Hlutfall stöðu viðmælenda, óháð kyni í öllum íþróttufréttum dagblaðanna

Eins og sést á myndinni, þá er algengast að viðmælandi dagblaðanna sé íþróttamaður, en rúmlega helmingur viðmælenda Morgunblaðsins eru íþróttamenn. Hlutfallið er svipað hjá Metroxpressen, en eilítið lægra hjá Fréttablaðinu og Jyllands-Posten. Næst líklegast er að þjálfari sitji fyrir svörum blaðamanna og þar á eftir koma forsvarsmenn og/eða talsmenn íþróttafélags. Hlutfall flokksins *annar* er býsna hér í dönsku miðlunum tveimur, en í þennan flokk féllu m.a. dómara, fyrrverandi íþróttamenn og íþróttasérfræðingar í sjónvarpi. Jyllands-Posten er sá miðill sem beitti sér mest fyrir fréttaskýringum af ýmsu tagi, s.s. á sviði lyfjamisferlis og í slíkum fréttum var m.a. leitað áhlits stjórnálamanna, lögfræðinga og opinberra embættismanna. Þessir aðilar féllu allir undir þennan tiltekna flokk.

3.4.3 Myndir

3.4.3.1 Eftir kynjum

Líkt og sýnt hefur verið fram á hér að framan, er hlutfall kynjanna mjög ójafnt hvað varðar umfjöllunarefni fréttanna og viðmælenda. Ójafnvægið er einnig til staðar þegar kemur að myndefni íþróttasíðna dagblaðanna, líkt og sjá má á mynd 10.




Mynd 10. Hlutfall karla, kvenna, kynblandaðra mynda og annarra mynda í íþróttafréttum dagblaðanna

Enn og aftur veita íslensku blöðin íþróttum kvenna meiri athygli en þau dönsku, en þrátt fyrir það er umfjöllun um konur mjög lítil á öllum miðlunum fjórum. Kynjahlutfallið er svipað á íslensku blöðunum, því rúmlega átta af hverjum tíu myndum eru af íþróttum karla. Á dönsku miðlunum er þetta hlutfall rúmlega 90%. Íþróttakonur sjást á myndum íslensku miðlanna í tæplega 20% tilfella, en á dönsku miðlunum er hlutfallið vel fyrir neðan 10%.

Athyglisvert er að þegar myndefnið tengist fréttinni ekki beint, t.d. í almennum fréttum af veðmálum eða lyfjaeftirlitsmálum, þá eru karlmenn iðulega hafðir sem myndefni. Þetta er tilfellið á íslensku miðlunum, jafnt sem þeim dönsku.

3.4.3.2 Skýringarmyndir og skjámyndir

Á mynd 11 má sjá í hve miklum mæli dagblöðin notast við skýringarmyndir og skjámyndir með fréttum sínum. Skýringarmyndir varpa oft ljósi á úrslit leikja, markaskorara, gang mála o.s.frv., auk þess sem þær geta verið í formi grafa, línurita o.fl. Efni skjámynda getur m.a. verið merki íþróttafélags, stöðumynd af samskiptamiðlum o.s.frv.




Mynd 11. Hlutfall fréttanna sem innihalda annað hvort skýringarmynd eða skjámynd í íþróttafréttum dagblaðanna

Á mynd 11 sést, að Morgunblaðið nýtir sér skýringar- og skjámyndir í ákaflega litlum mæli, en einungis 6% fréttanna blaðsins innihalda skýringarmyndir af einhverju tagi. Fréttablaðið er nokkurn veginn á pari við dönsku miðlana, en um 15% fréttanna þessara miðla bjóða upp á skýringarmynd eða skjámynd. Eins og sjá má, þá er mun meira um skýringarmyndir á síðum allra dagblaðanna, en þær eru oft hluti af fréttum af íþróttakappleikjum frá deginum áður. Skýringarmyndirnar varpa þá ljósi á ýmsa tölfræði sem tengist kappleikjum.

3.4.4 Umfjöllun eftir íþróttagreinum

Ef við skoðum fyrri rannsóknir m.t.t. þeirra íþróttagreina sem til umfjöllunar eru, þá kemur í ljós að knattspyrna er langvinsælasta umfjöllunarefnið. Í íslensku rannsóknunum þremur sem ég hef til samanburðar, var knattspyrna umfjöllunarefni í u.þ.b. sex af hverjum tíu íþróttafréttum. Þar á eftir komu fréttir af handbolta og körfubolta. Í alþjóðlegu könnun Danish Institute for Sports Studies, voru niðurstöðurnar á þann veg að rúmar fjórar af hverjum tíu fréttum voru knattspyrnulegs eðlis, en athyglisvert er að íþróttagreinar sem á eftir komu voru tennis (8%) og ruðningur (5%). Hlutfall annarra íþróttanna náði ekki yfir 5% af heildarumfjöllun (Horky og Nieland, 2013). Ef við skoðum danska hluta þessarar könnunar, þá var knattspyrna umfjöllunarefni dönsku blaðanna í tæplega helmingi tilfella, en næstu íþróttir á eftir voru hjólreiðar (10%), tennis (8%) og handbolti (8%). Hlutfall annarra íþróttanna náði ekki

yfir 5% af heildarumfjöllun (Iðrættens Analyseinstitut, 2012). Niðurstöður rannsóknar minnar á þeim íþróttagreinum sem dagblöðin höfðu til umfjöllunar má sjá á mynd 12.



Mynd 12. Hlutfall þeirrar umfjöllunar sem hver íþróttagrein fyrir sig hlaut, af heildarumfjöllun íþróttufréttu dagblaðanna

Niðurstöður mínar sýna að knattspyrna ber enn höfuð og herðar yfir aðrar íþróttir, þegar kemur að hlutfalli hennar sem umfjöllunarefnis íþróttufréttanna. Á öllum miðlunum fjórum er handbolti í öðru sæti, þó umfjöllunin sé töluvert meiri á íslensku miðlunum. Að þessum íþróttagreinum undanskildum, þá er ekki mikil samsvörun á milli umfjöllunar íslensku miðlanna annars vegar og þeirra dönsku hins vegar. Körfubolti hlýtur töluvert mikla athygli í íslensku blöðunum, en er lítt sýnilegur í þeim dönsku. Í staðinn fjalla dönsku blöðin meira um vetraríþróttir og þá sérstaklega íshökkí, en einnig eiga hjólreiðar og tennis töluvert upp á pallborðið hjá dönsku íþróttáhugafólki, ef marka má hlutfall þeirra á íþróttasíðunum. Hjólreiðar og tennis voru hinsvegar ekki eiginleg breyta í rannsókn minni og falla því undir flokk annarra íþróttagreina. Heildarhlutfall hvernar íþróttagreinar fyrir sig má sjá í töflu 3.

	MBL	FBL	JP	MX
Knattspyrna	52,3%	57,4%	43,0 %	60,0%
Handbolti	19,4%	14,9%	8,8%	9,3%
Körfubolti	11,4%	13,3%	1,5%	2,0%
Golf	2,7%	2,9%	2,4%	1,7%

Bardagaíþróttir	0%	1,1%	1,1%	1,2%
Frjálsar íþróttir	4,4%	2,3%	1,5%	1,2%
Sund	0,8%	0,6%	0%	0,3%
Skíði og vetraríþróttir	3,6%	2,3%	4,7%	6,6%
Aðrar íþróttagreinar	4,0%	4,6%	34,3%	14,8%
Almenningsíþróttir	0,4%	0%	0,1%	0%
Íþróttir almennt	1,0%	0,6%	2,6%	2,9%

Tafla 3. Hlutfall þeirrar umfjöllunar sem hver íþróttagrein fyrir sig hlaut, af heildarumfjöllun íþróttufrétta dagblaðanna

Áður en hafist var handa við innihaldsgreininguna var útbúinn sérstakur breytulisti, þar sem allar þær breytur sem flokka átti voru tilgreindar. Þegar vel er liðið á innihaldsgreiningu, er ákaflega erfitt að gera breytingar á breytulista nema að byrja innihaldsgreininguna upp á nýtt. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að flokkurinn *aðrar íþróttagreinar* er hlutfallslega hár í dönsku miðlunum. Í flokkinn *aðrar íþróttagreinar* voru settar þær greinar sem féllu ekki undir þá flokka sem tilgreindir voru fyrirfram. Hlutfallslega er mjög mikill munur á milli íslensku dagblaðanna annars vegar og dönsku blaðanna hins vegar, líkt og sjá má á mynd 12.

Hlutfallið er tiltölulega lágt hjá Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, þegar kemur að flokki annarra íþróttagreina. Nánast allar íþróttufréttir íslensku miðlanna féllu undir ákveðinn flokk íþróttagreina. Sú var hins vegar ekki raunin í innihaldsgreiningunni á dönsku blöðunum. Íþróttufrétt féll ekki í ákveðinn flokk íþróttagreina í rúmlega þriðjung allra fréttu Jyllands-Posten og hafnaði þar með í flokki annarra íþróttagreina. Hlutfall annarra íþróttagreina var einnig hátt í fréttum Metroxpressen, en tæplega 15% fréttu féllu í þennan tiltekna flokk. Helstu íþróttagreinar sem féllu undir aðrar íþróttir voru tennis, badminton og hjólréiðar, en þessar íþróttir voru fyrirferðamiklar á dönsku íþróttasíðunum.

3.4.4.1 Samanburður á iðkendafjölda og íþróttumfjöllun á Íslandi

Athyglisvert er að skoða iðkendafjölda fjölmennustu íþróttagreinanna á Íslandi og bera hann saman við það rými sem greinarnar fá í íslensku dagblöðunum. Iðkendatölurnar eru fengnar frá Íþróttasambandi Íslands (ÍSí), en sambandið heldur tölur yfir iðkendafjölda allra sérsambanda innan ÍSí. Tölurnar eru frá árinu 2013, þ.e. sama ári og innihaldsgreiningin fór fram. Í töflu 4 hér að neðan gefur að líta hlutfallslegan iðkendafjölda fjölmennustu íþróttagreinanna á Íslandi árið 2013 og hlutfallslegan fjölda fréttu af þessum sömu íþróttagreinum, í Morgunblaðinu annars vegar og Fréttablaðinu hinsvegar. Þá má sjá þann hlutfallslega mismun sem er á milli iðkendafjölda íþróttagreinanna og þeirrar umfjöllunar sem greinin fær í fjölmiðlunum tveimur.

Íþróttagrein	Iðkendur	MBL	FBL	Mismunur (MBL)	Mismunur (FBL)
Knattspyrna	16,4%	52,3%	57,4%	+35,9%	+41,0%
Golf	13,4%	2,7%	2,9%	-10,7%	-10,5%
Handbolti	5,8%	19,4%	14,9%	+13,6%	+9,1%
Körfubolti	5,3%	11,4%	13,3%	+6,1%	+8,0%
Almenningsíþróttir	4,6%	0,4%	0%	-4,2%	-4,6%
Bardagaíþróttir	4,0%	0%	1,1%	-4,0%	-2,9%
Frjálsar íþróttir	3,6%	4,4%	2,3%	+0,8%	-1,3%
Sund	2,5%	0,8%	0,6%	-1,7%	-1,9%
Skíði og vetraríþr.	2,1%	3,6%	2,3%	+1,5%	+0,2%

Tafla 4. Hlutfall iðkenda íþróttagreina innan ÍSí af heildariðkendafjölda, hlutfallslegur fjöldi fréttu þessara sömu íþróttagreina í íslenskum dagblöðum og mismunur á milli iðkendahlutfalls og umfjöllunarhlutfalls í fjölmiðlum

Athyglisvert er að hlutfallslegur fjöldi knattspyrnufréttu á báðum íslensku miðlunum er mjög mikill, miðað við hlutfallslegan fjölda þeirra sem stunda knattspyrnu. Það sama á við um handbolta og körfubolta, þar sem hlutfallslegur fjöldi hand- og körfuboltafréttu er í litlu samræmi við fjölda þeirra sem stunda þessar ákveðnu íþróttir. En ósamræmið

getur einnig verið í hina áttina, þ.e.a.s. að hlutfallslegur fréttafjöldi ákveðinnar íþróttagreinar sé töluvert lægri heldur en hlutfallslegur iðkendafjöldi sömu íþróttagreinar. Þetta er t.d. tilfellið þegar kemur að golfíþróttinni, en hlutfallslegur fjöldi golffrétta er mun lægri heldur en fjöldi golfiðkenda ætti að gefa tilefni til, samkvæmt tölum ÍSí. Það sama er uppi á teningnum hvað varðar bardagaíþróttir, sund og almenningsíþróttir, því þessar íþróttir hljóta mun minni athygli íslensku dagblaðanna, ef tekið er mið af iðkendafjölda þessara sérsambanda. Þá vekur það einnig eftirtekt, að Morgunblaðið birtir engar fréttir af bardagaíþróttum á meðan Fréttablaðið veitir almenningsíþróttum enga athygli.

Í töflu 4 gefur einnig að líta hlutfallsmuninn sem ríkir á milli hlutfalls fjölmiðlaumfjöllunar hvernar íþróttagreinar fyrir sig og hlutfallsfjölda þeirra sem stundar íþróttagreininna. Eins og sjá má í töflunni, þá er knattspyrnu-og handboltaumfjöllun í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þrefalt meiri en iðkendafjöldinn, samkvæmt uppgefnum iðkandatölum ÍSí. Körfuboltaumfjöllun íslensku miðlanna er einnig töluvert meiri en iðkendafjöldi gefur tilefni til. Nokkuð jafnvægi er í umfjöllun um skíða-og vetraríþróttir og frjálsar íþróttir, samanborið við iðkendafjölda. Hlutfall umfjöllunar um aðrar íþróttir er umtalsvert lægra heldur en hlutfall þeirra sem stunda þessar sömu íþróttir. Þetta er sérstaklega áberandi þegar kemur að golfíþróttinni, en sá mikli fjöldi sem stundar þá íþrótt skilar sér ekki í mikilli golfumfjöllun íslensku miðlanna. Rétt er að geta þess að meirihluti þeirra sem stunda golf gerir það af áhuga einum saman, en eru ekki að keppa í íþróttinni.

Af öðrum fjölmönnum íþróttagreinum sem féllu í flokka annarra íþróttanna, má nefna hestaíþróttir, en iðkendahlutfall þeirrar greinar var rúm 9% af öllum iðkendum innan ÍSí. Fimleikaiðkendum voru tæp 9% af heildariðkendum og badmintoniðkendum tæp 4%. Þrátt fyrir að hafa enga tölfræði varðandi hlutfallslegan fjölda frétta af þessum fjölmönnum íþróttagreinum, þá er ljóst að fréttafjöldi þessara ákveðnu greina er mun lægri heldur en hlutfallslegur iðkendafjöldi segir til um.

Athyglisvert er að bera niðurstöður mínar á hlutfallslegum mismun á milli iðkenda fjölda og fjölmiðlaumfjöllunar, saman við niðurstöður Önnu Guðrúnar frá árinu 2006. Samkvæmt rannsókn Önnur Guðrúnar reyndist misvægið vera mest þegar kom að umfjöllun um handbolta, en umfjöllunin var fjórföld á við iðkenda fjöldann (Anna Guðrún Steindórsdóttir, 2007). Knattspyrnuumfjöllunin var þreföld á við iðkenda fjöldann og eru þær niðurstöður sem sjá má í töflu 4, því mjög svipaðar niðurstöðum Önnu Guðrúnar. Nokkuð gott jafnvægi var á milli körfuboltaumfjöllunar og iðkenda fjölda árið 2006, en niðurstöðurnar í töflu 4 sýna fram á töluverðan mismun, eða um tvöfalt fleiri fréttir á móti iðkenda fjölda. Hvað varðar aðrar íþróttir, þá reyndust niðurstöður þessarar ritgerðar vera svipaðar niðurstöðum Önnu Guðrúnar. Hlutfall umfjöllunar um sund, golf og frjálssar íþróttir árið 2013 er lægra heldur en iðkenda fjöldinn ætti að gefa tilefni til, þó svo að ákveðið jafnvægi sé tekið að myndast þegar kemur að síðastnefndu íþróttinni, en það virtist ekki vera til staðar árið 2006.

Við þetta má bæta að ákveðnar íþróttagreinar eru ekki samþykktar af ÍSÍ og eru því ekki með í þessari tölfræði yfir iðkenda fjölda. Hér ber helst að nefna bardagaíþróttina MMA og hreystiíþróttina crossfit, en fjöldi fréttar af þessum íþróttagreinum var þó mjög lítil og skekkir niðurstöðurnar því lítið sem ekkert.

3.4.4.2 Samanburður á iðkenda fjölda og íþróttuumfjöllun í Danmörku

Iðkenda tölurnar fyrir danskt íþróttafólk eru fengnar frá Danska íþróttasambandinu (DIF). Líkt og iðkenda tölurnar frá ÍSÍ, þá eru tölur DIF frá árinu 2013 og því hentugar til samanburðar. Í töflu 5 hér að neðan gefur að líta hlutfallslegan iðkenda fjölda fjölmennustu íþróttagreinanna í Danmörku árið 2013 og hlutfallslegan fjölda fréttar af þessum sömu íþróttagreinum í Jyllands-Posten annars vegar og Metroxpressen hinsvegar. Þá má sjá þann hlutfallslega mismun sem er á milli iðkenda fjölda íþróttagreinanna og þeirrar umfjöllunar sem greinin fær í fjölmiðlunum tveimur.

Íþróttagrein	Iðkendur	JP	MX	Mismunur (JP)	Mismunur (MX)
Knattspyrna	17,1%	43,0%	60,0%	+25,9%	+42,9%
Sund	8,8%	0%	0,3%	-8,8%	-8,5%
Golf	8,1%	2,4%	1,7%	-5,7%	-6,4%
Handbolti	5,7%	8,8%	9,3%	+3,1%	+3,6%
Frjálsar íþróttir	2,2%	1,5%	1,2%	-0,7%	-1,0%
Bardagaíþróttir	2,1%	1,1%	1,2%	-1,0%	-0,9%
Skíði og vetraríþr.	1,1%	4,7%	6,6%	+3,6%	+5,5%
Körfubolti	0,6%	1,5%	2,0%	+0,9%	+1,4%

Tafla 5. Hlutfall iðkenda íþróttagreina innan DIF af heildariðkendafjölda, hlutfallslegur fjöldi fréttar þessara sömu íþróttagreina í dönskum dagblöðum og mismunur á milli iðkendahlutfalls og umfjöllunarhlutfalls í fjölmiðlum

Líkt og í íslensku dagblöðunum, þá er hlutfallslegur fjöldi fréttar af knattspyrnu mjög mikill á báðum dönsku miðlunum, miðað við hlutfallslegan fjölda þeirra sem leggja stund á knattspyrnu. Svipað ósamræmi er uppi á teningnum þegar kemur að fréttum af handbolta og skíða- og vetraríþróttum. Þó er rétt að geta þess að vikuna 7.-13. maí 2013 fór heimsmeistaramótið í íshokki karla fram og þar voru Danir á meðal þátttökubjóða. Dönsku blöðin voru einkar dugleg að flytja fréttir af landsliði sínu og því er hlutfall umfjöllunar um skíða- og vetraríþróttir mun hærra en annars hefði verið.

Ósamræmið á sér einnig stað á hinn veginn, líkt og raunin var í íslensku blöðunum. Þannig gat hlutfallslegur fréttafjöldi af ákveðinni íþróttagrein verið lægri, samanborið við hlutfallslegan iðkendafjölda sömu greinar. Líkt og á Íslandi, þá eiga golfréttir ekki upp á pallborðið hjá dönsku miðlunum og það sama má segja um fréttir af sundi. Báðar þessar íþróttir hafa marga iðkendur, en hlutfallsleg íþróttaumfjöllun dönsku dagblaðanna er ekki samræmi við það.

Í töflu 5 má einnig sjá misvægið sem ríkir á milli fjölmiðlaumfjöllunar ákveðinna

íþróttagreina og iðkendafjölda þessara sömu íþróttar. Líkt og hjá íslensku dagblöðunum, þá er umfjöllun Jyllands-Posten og Metroxpressen um knattspyrnu margfalt meiri en hlutfallslegur iðkendafjöldi gefur tilefni til, skv. uppgefnum iðkendatölum DIF. Körfuboltaumfjöllun er einnig hlutfallslega meiri en iðkendafjöldinn, sem er svipað og á íslensku miðlunum en það sem er athyglisverðast er þetta mikla misvægi sem ríkir á milli umfjöllunar um skíða-og vetraríþróttir á dönsku miðlunum og iðkendafjölda sömu greinar. Ágætis jafnvægi var á milli umfjöllunar um skíða-og vetraríþróttir og iðkendafjölda á íslensku miðlunum, en í dönsku miðlunum var umfjöllunin margfalt meiri en iðkendafjöldinn gefur tilefni til. Skýrist þetta að miklu leyti af heimsmeistaramóti karla í íshokki, eins og áður hefur komið fram.


Töluvert meira jafnvægi er á milli handboltaumfjöllunar og iðkendafjölda í dönsku miðlunum, samanborið við þá íslensku. Hlutfall umfjöllunar um aðrar íþróttir er töluvert lægra heldur en iðkendahlutfallið ætti að gefa tilefni til. Þetta á t.d. við um frjálsar íþróttir, golf og sund, þar sem hlutfallslega hár iðkendafjöldi skilar sér ekki í nægilega mikilli umfjöllun. Að öðru leyti er ákveðin samsvörun á milli umfjöllunar íslensku miðlanna annars vegar og dönsku miðlanna hins vegar, þegar hlutfall iðkendafjölda er tekið með í reikninginn. Það er aðallega skíða-og vetraríþróttumfjöllun dönsku miðlanna sem aðgreinir þá dönsku frá þeim íslensku.

Af öðrum fjölmönnum íþróttagreinum sem ekki voru eiginleg breyta í innihaldsgreiningunni, heldur féllu í flokk annarra íþróttar, má nefna að hlutfall fimleikaiðkenda var tæp 9% af öllum iðkendum innan DIF. Badmintoniðkendur voru tæp 5% og þeir sem lögðu stund á hestamennsku voru tæp 4%. Tennisiðkendur voru svo tæp 3%. Líkt og áður hefur komið fram, þá var hlutfall danskra íþróttafréttar sem féllu í flokk annarra íþróttar mjög hátt. Aðalorsök þess er sú, að fréttir af badminton, tennis og hjólreiðum voru ekki eiginleg breyta í innihaldsgreiningunni minni, en þessar íþróttagreinar hlutu töluverða athygli danskra íþróttablaðamanna. Það hefði verið athyglisvert að bera hlutfallslegan fjölda fréttar þessara tilteknu íþróttagreina saman við

iðkendafjölda þessara sömu greina árið 2013 og sjá hvort hlutfallslegt samræmi væri þar á milli. Þá er rétt að geta þess, að almenningsípróttir falla ekki undir hatt DIF og því er iðkendafjöldi þeirrar greinar óþekktur. Ógjörningur var því að reikna út hlutfallslegan mismunur á milli iðkenda almenningsípróttanna og þeirrar fjölmiðlaumfjöllunar sem sú grein hlýtur.

3.4.5 Eftir umfjöllunarefni

Ákveðin líkindi eru á umfjöllunarefnum ípróttufrétta dagblaðanna fjögurra, eins og gefur að líta á mynd 13. Meirihluti efnis allra blaðanna fer í að greina frá keppnisleikjum og úrslitum þeirra. Hlutfallið er þó áberandi mest hjá áskriftarblöðunum, þar sem tæplega átta af hverjum tíu fréttum fjalla um keppnisleiki. Umfjallanir um leikmannamál koma næst á eftir hjá öllu miðlunum, en þó nokkur munur er samt sem áður á því hve mikla áherslu blöðin leggja á þann flokk. Samanlagt þekja þessi tvö atriði, þ.e. fréttir af keppnisleikjum og leikmannamálum, 80-95% af heildarumfjöllun, hjá öllum dagblöðunum fjórum sem til rannsóknar eru.




Mynd 13. Hlutfallslegur fjöldi ípróttufrétta dagblaðanna, eftir umfjöllunarefni

3.4.6 Fréttastærð

Ákveðin hliðstæða á sér stað á meðal áskriftarblaðanna annars vegar og frímiðlanna hins vegar, þegar kemur að stærð ípróttufréttanna. Eins og sjá má á mynd 14, þá er

hlutfall smælkis svipað hátt hjá Morgunblaðinu og Jyllands-Posten, en það er töluvert lægra hjá Fréttablaðinu og Metroxpressen. Til smælkis teljast minnstu fréttirnar, sem eru einungis 2-3 setningar. Auk þess þá teljast öll úrslit og stöðutöflur til smælkis og því er ljóst, að áskriftarmiðlarnir leggja mikið upp úr því að greina frá úrslitum og stöðu mismunandi deilda.




Mynd 14. Hlutfallslegur fjöldi íþróttafréttar dagblaðanna, eftir stærð

Meirihluti allra fréttar á öllum miðlunum fjórum eru annaðhvort smælki eða millistórar fréttir. Það gerir það að verkum að hlutfall hálfíðu- og heilsíðufréttar er lágt, eða rúm 12% hjá öllum blöðunum. Öll blöðin virðast því leggja mesta áherslu á að nýta plássið sitt í að segja frá sem flestu sem er að gerast í íþróttahæminum, en það er vitaskuld á kostnað ítarlegri umfjöllunar um ákveðin málefni. Þó er athyglisvert að 7% fréttar Jyllands-Posten eru heilsíðufréttir, samanborið við 2% hjá hinum miðlunum. Bláttíð fórn mjög ítarlega í ákveðin málefni, s.s. dómaramál, lyfjamisferli og veðmálasvindl og var sá miðill sem lagði áberandi mesta áherslu á rannsóknarbláttíðamennsku.

3.4.7 Efnissnið (e. Genre)

Hliðstæðan á meðal áskriftarmiðlanna annars vegar og frímiðlanna hins vegar, á sér ekki eingöngu stað þegar kemur að stærð fréttanna. Svipað er uppi á teningnum þegar tegundir fréttanna eru skoðaðar, en niðurstöður þessarar rannsóknar gefur að líta á mynd 15.




Mynd 15. Hlutfallslegur fjöldi ípróttufrétta dagblaðanna, eftir tegund

Eins og sagt var frá í kafla 3.4.6, þá leggja áskriftarmiðlarnir mikla áherslu á að greina frá úrslitum og stöðu í mismunandi deildum. Það skýrir þetta háa hlutfall taflna hjá Morgunblaðinu og Jyllands-Posten. Frímiðlarnir greina vissulega líka frá úrslitum og stöðu, en í mun minni mæli. Þetta er ekki eina atriðið sem aðgreinir áskriftarmiðlana frá frímiðlunum. Fréttablaðið og Metroxpressen taka hlutfallslega mun fleiri fréttaviðtöl en áskriftarmiðlarnir. Mörg fréttaviðtölin voru við ípróttafólk, þar sem staðan á þeim var tekin og rætt um framtíð þeirra, markmið og drauma. Einnig er athyglisvert hve lítið er um pistla blaðamanna á öllum miðlunum. Ípróttablaðamennska virðist í fljótu bragði snúast um það, að greina frá úrslitum og því sem er að gerast á líðandi stundu, en minni áhersla virðist vera lögð á að leyfa blaðamönnum að koma skoðunum sínum á framfæri.

3.4.8 Heimildir og uppruni

Þegar kemur að heimildum og uppruna fréttanna kemur í ljós einn helsti munurinn á íslenskum miðlum annars vegar og dönskum miðlum hins vegar. Dönsku miðlarnir vitna mjög oft í heimildir í fréttum sínum auk þess sem þeir reiða sig í miklum mæli á fréttaveitur. Íslensku miðlarnir eru ekki jafn duglegir við að vitna í heimildir og því einkar óljóst hvaðan Morgunblaðið og Fréttablaðið fá heimildir sínar. Á mynd 16 má sjá

hvaða heimildir liggja að baki fréttum miðlanna.



Mynd 16. Hlutfall heimilda og/eða uppruna íþróttafréttanna dagblaðanna

Eins og fyrr var getið, þá vitna dönsku miðlarnir mjög oft í heimildir í sjálfum fréttunum. Þannig stendur oft í fréttunum, að samkvæmt hinum eða þessum fréttamiðli, þá hafi eftirfarandi gerst eða komi til með að gerast. Fréttaveitan Ritzau er skráð fyrir nánast öllum þeim fréttum, þar sem miðlarnir reiða sig á fréttaveitu. Ritzau er heimildin á bak við 18% fréttanna Jyllands-Posten og 16% fréttanna Metroxpressen. Þá er Metroxpressen í sérflokkum þegar kemur að því að nýta sér samfélagsmiðla sem heimild, en í tæplega einni af hverjum tíu íþróttafréttum vitnuðu þeir beint í samfélagsmiðilinn Twitter.

Á meðan fréttaveitan Ritzau er skráð fyrir fjölda fréttanna á dönsku miðlunum, þá er fréttaritari skráður fyrir mjög stórum hluta íslensku íþróttafréttanna. Mjög óljóst er, hvaðan íslensku miðlarnir fá heimildir sínar, sérstaklega þegar um fréttir af erlendum vettvangi er að ræða, en mjög sjaldgæft er að vitnað sé í heimildir í fréttunum sjálfum, líkt og dönsku miðlarnir gera svo gjarnan. Einkar athyglisvert er þó það gríðarlega magn fréttanna þar heimildir er ókunnar, en hlutfall þess konar fréttanna er í kringum 50% hjá öllum miðlunum.


3.4.9 Bláðamenn

Ef bláðamaður var skráður fyrir íþróttafrétt, þá var bláðamaðurinn undantekningarlaust

karlmaður. Í mörgum tilfellum var þó enginn skráður fyrir fréttinni og því er ekki hægt að færa fyrir því sönnur að allar fréttirnar hafi verið skrifaðar af karlkyns blaðamanni, þó vissulega verði það að teljast afar líklegt. Það er því ljóst að heimur íþróttablaðamennskunnar er mjög karllægur, bæði hvað varðar þá aðila sem helga sig starfi íþróttablaðamannsins, auk þeirra viðfangsefna sem til umfjöllunar eru.

3.4.10 Innlendar og erlendar fréttir

Eins og fram kemur í kafla 3.3.5, þar sem farið er yfir hlutfall innlendra og erlendra íþróttafréttanna á íþróttaforsíðunum, þá er afar erfitt að bera niðurstöðurnar saman við fyrri rannsóknir, því margir óvissuþættir koma við sögu þegar aðgreina á fréttir í innlendar fréttir annars vegar og erlendar fréttir hins vegar. Þó ber vissulega að geta niðurstaðna þessara rannsókna. Í rannsókn Önnu Guðrúnar frá árinu 2006, var hlutfall innlendra fréttanna 60%, samanborið við 40% erlendra fréttanna (Anna Guðrún Steindórsdóttir, 2007). Í alþjóðlegu rannsókn Danish Institute for Sports Studies, var hlutfallið fyrir innlendar fréttir 57%, en erlendar fréttir voru 43% (Horky og Nieland, 2013). Í danska hluta þessarar sömu rannsóknar var hlutfall innlendra fréttanna 60% og erlendra fréttanna 40% (Idrættens Analyseinstitut, 2012). Það er því óhætt að segja að þessum þremur rannsóknum beri mjög vel saman. Á mynd 17 gefur að líta niðurstöður rannsóknar minnar.




Mynd 17. Hlutfall innlendra og erlendra íþróttafréttanna dagblaðanna

Dönsku miðlarnir falla vel að þeim rannsóknum sem að framan er getið, en um sex af

hverjum tíu íþróttufréttum dönsku miðlanna eru af innlendum vettvangi. Aðeins meiri sveiflur eru í umfjöllun íslensku miðlanna, þá sérstaklega Fréttablaðsins. Hlutfall innlendra fréttu Fréttablaðsins er 72% og því eru tæplega þrjár af hverjum tíu fréttum blaðsins af erlendum vettvangi. Morgunblaðinu svipar meira til dönsku miðlanna, þó svo að jafnvægið sé enn meira á milli innlendar umfjöllunar og erlendar. Skiptist umfjöllun blaðsins nánast til helminga.

3.4.10.1 Innlend svæði

Á mynd 18 má sjá hvaða innlendu svæði eru helst til umfjöllunar hjá dagblöðunum fjórum. Eins og sjá má, þá skera þær fréttir sig úr sem fjalla um landið allt, hvort sem það er á Íslandi eða í Danmörku. Þær fréttir sem flokkast undir þennan tiltekna flokk, *landið allt*, geta verið af málefnum landsliðs hvors lands fyrir sig, fréttir af landsmótum mismunandi íþróttagreinum auk fréttaskýringa af ýmsum toga.



Mynd 18. Hlutfall innlendra svæða íþróttufréttu dagblaðanna

Jyllands-Posten sker sig eilítið úr hvað varðar fréttir sem fjalla um landið allt, en hlutfall þeirra fréttu er 83%. Eins og áður sagði þá virðist vera lögð þó nokkur áhersla á fréttaskýringar í efnistöku Jyllands-Posten, í það minnsta í mun meira mæli en á hinum miðlunum þremur sem innihaldsgreindir voru. Umfjöllunarefni fréttaskýringanna var m.a. dómaramála, lyfjamisferli og veðmálasvindl en þessar fréttir féllu að mestu leyti undir þennan tiltekna flokk landsfréttu og það kann að skýra þetta háa hlutfall.

Hlutfall fréttanna af höfuðborgarsvæðinu er töluvert hærra hjá Morgunblaðinu en Fréttablaðinu, en að sama skapi þá virðist Fréttablaðið gefa landsbyggðinni meiri gaum. Til útskýringar má nefna, að ef KR og Breiðablik öttu kappi, þá taldist fréttin til höfuðborgarsvæðisins, en ef Keflavík og ÍBV áttust við, þá flokkaðist fréttin undir landsbyggðina. Ef KR og ÍBV leiddu síðan saman hesta sína, taldist fréttin til landsins alls. Svipuð hugmynd er á bak við flokkun dönsku fréttanna, en þar er landsbyggðin flokkuð niður í þrjá undirflokk, þ.e. Sjáland (fyrir utan Kaupmannahöfn), Fjón og Jótland.

Í dönsku miðlunum er hlutfall Kaupmannahafnar, sem samsvarar höfuðborgarsvæðinu í íslenska úrtakinu, töluvert lægra samanborið við íslensku niðurstöðurnar. Þó verður að hafa í huga, að íbúahlutfall höfuðborgarsvæðisins á Íslandi af landinu öllu er mun hærra en íbúahlutfall dönsku höfuðborgarinnar, af Danmörku allri. Sjáland og Fjón eru nánast ósýnileg svæði í dönsku blöðunum en Jótland hlýtur aftur á móti mjög mikla umfjöllun, sem skýrist e.t.v. af því að Jyllands-Posten var annar þeirra dönsku miðla sem til rannsóknar voru. Sá miðill leggur, eins og nafnið gefur til kynna, mesta áherslu á að birta fregnir af Jótlandssvæðinu. Allur samanburður á milli íslensku miðlanna og þeirra dönsku, þegar kemur að innlendum svæðum er býsna erfiður, en þó er óumdeilanlegt að meirihluti allra fréttanna á þessum miðlum fjalla um landið allt.

3.4.10.2 Erlend svæði

Þegar við skoðum niðurstöðurnar fyrir þau erlendu svæði sem til umfjöllunar eru hjá dagblöðunum fjórum kemur í ljós, að ákveðin svæði hljóta mun meiri athygli á meðan önnur svæði eru nánast ósýnileg. Niðurstöðurnar gefur að líta í töflu 6.

	MBL	FBL	JP	MX
Norðurlönd	26,1%	8,2%	5,3%	5,3%
Bretland	18,8%	36,7%	14,9%	29,8%
Frakkland	2,2%	0%	3,6%	2,6%

Ítalía	3,6%	0%	6,8%	6,0%
Þýskaland	11,8%	4,1%	9,6%	7,3%
Niðurlönd	6,7%	6,1%	3,6%	4,0%
Evrópulönd (önnur)	17,9%	22,4%	20,6%	23,8%
Bandaríkin, Kanada	9,2%	2,0%	5,0%	9,3%
Ameríka, önnur	0,8%	0%	2,1%	2,6%
Asía	0%	0%	0,7%	0%
Eyjaálfa	0,6%	0%	0%	0,7%
Afríka	0,3%	0%	1,1%	0,7%
Fjölpjórðlegt	2,0%	20,5%	26,7%	7,9%

Tafla 6. Hlutfall erlendra svæða, af erlendum íþróttufréttum dagblaðanna

Eins og sjá má, þá hlýtur Bretland mjög mikla umfjöllun á meðal allra miðlanna. Þar vegur enska knattspyrnan vitanlega mjög þungt, en hún er viðfangsefni flest allra fréttu frá Bretlandi. Hlutfall áskriftarmiðlanna er eilítið lægra en frímiðlanna hvað Bretland varðar, sem skýrist e.t.v. af því, að áskriftarmiðlarnir telja sig knúna til að fjalla um fleiri svæði og gera þeim skil. Af þessum sökum er hlutfall annarra landa töluvert hærra hjá áskriftarmiðlunum og ber þar helst að nefna umfjöllun frá Þýskalandi, Ítalíu og Frakklandi. Allir miðlarnir fjórir einbeita sér mest megnis að Evrópu, en tæplega níu af hverjum tíu erlendum fréttum Morgunblaðsins eiga þar uppruna sinn. Hlutfallið er töluvert lægra hjá danska áskriftarmiðlinum Jyllands-Posten, eða 64%. Frímiðlarnir eru á svipuðu reki, en tæp 80% erlendu fréttanna þeirra eru evrópskar.

Töluvert var um fréttuumfjöllun frá Bandaríkjunum og Kanada, en viðfangsefni flestra þeirra var bandarískur körfubolti. Fréttir frá öðrum hlutum Ameríku voru afar fáséðar. Athyglisvert er að heimsálfurnar Asía, Eyjaálfa og Afríka eru nánast ósýnilegar á þessum fjórum miðlum.

3.5 Viðtöl við starfsmenn miðlanna

Eigindlegi hluti þessarar rannsóknar, er í formi viðtala sem tekin voru við starfsmenn á miðlunum sem til rannsóknar voru. Þar sátu fyrir svörum ritstjóri íþróttadeildar Morgunblaðsins, ritstjóri íþróttadeildar Jyllands-Posten og óbreyttir starfsmenn á íþróttadeild Fréttablaðsins annars vegar og Metroxpressen hins vegar. Viðfangsefni rannsóknarinnar var kynnt fyrir viðmælendum í gegnum síma og þeir síðan spurðir út í ýmislegt tengt íþróttafjölmiðlun, án þess þó að þeim væri gerð grein fyrir niðurstöðum megindelegu rannsóknarinnar. Símtölunum var síðan fylgt eftir með spurningum sem sendar voru til starfsmannanna fjögurra í gegnum netpóst, sem þeir síðan svöruðu og sendu til baka. Niðurstöður eigindlega hlutans byggja því á símaviðtölum og tölvupóstsamskiptum mínum við þessa hjálplegu starfsmenn íþróttadeilda dagblaðanna. Þær spurningar sem unnið var út frá í eigindlega hluta rannsóknarinnar, má sjá í viðauka 2 á bls. 58-59.

3.5.1 Fyrirferð karla á íþróttasíðum dagblaðanna

Niðurstöður innihaldsgreiningar sýna, að íþróttir karla eru mun fyrirferðarmeiri á íþróttasíðum dagblaðanna, í samanburði við umfjöllun af íþróttum kvenna. Tæplega átta af hverjum tíu íþróttufréttum íslensku miðlanna fjölluðu um íþróttir karla. Tæp 90% íþróttufréttanna Metroxpressen voru af karlmönnum en Jyllands-Posten var sá miðill sem stóð sig best í að gæta jafnræðis á milli kynjanna, en 73% íþróttufréttanna voru af íþróttum karla. Af þessu leiðir, að konur eru einnig í miklum minnihluta viðmælenda og myndefnis, á íþróttasíðum dagblaðanna. Lá því beint við að spyrja hverju þetta sætti, þ.e. hvers vegna miðlarnir væru svona karllægir þegar kæmi að íþróttaumfjöllun.

Allir viðmælendur mínir bentu á, að áhugi lesenda réði þarna mestu um. Áhugi almennings væri mestur á íþróttum karla, líkt og sjá mætti á áhorfendafjölda á íþróttaviðburðum og áhorfstölum í sjónvarpi. Einn viðmælendanna tók fram að miðillinn sem hann starfaði á, hefði rannsakað áhuga lesenda og efnistöð blaðsins

tækju einfaldlega mið af þeim niðurstöðum. Aðspurðir hverjar skýringarnar á þessum mikla mun væri, svaraði einn viðmælenda minna; „að íþróttir karla eru í heildina fyrirferðarmeiri en íþróttir kvenna. Bæði hvað varðar fjölda iðkenda og áhuga almennings. Við endurspeglum bara veruleikann.“ Það er vissulega hlutverk fjölmiðla að endurspeglu raunveruleikann og starfsmenn íþróttadeildanna virðast hafa það að leiðarljósi í vali á umfjöllunarefni.

Ritstjóri Jyllands-Posten sem, skv. niðurstöðum innihaldsgreiningarinnar, stóð sig best í að gæta jafnræðis á milli kynjanna í umfjöllun sinni, benti á að áhugi almennings á danska kvennalandsliðinu í handbolta væri mikill og því væri mikið fjallað um þær. Auk þess, þá hefði almenningur mikinn áhuga danskri tennisstjörnu auk danskra sundkvenna og því fengi umfjöllun um þessi viðfangsefni töluvert pláss á síðum blaðsins. Benti ritstjórinn á, að það skipti engu máli um hvort kynið væri að ræða, því ef viðfangsefnið vekti áhuga hjá almenningi, þá væri það til umfjöllunar.

Aðspurðir hvort það væri hluti af stefnu íþróttadeildarinnar að reyna að gæta jafnræðis á milli kynjanna í íþróttaumfjöllun, þá virðast miðlarnir allir vera á sömu línu. Þ.e. að; „við horfum ekki á kynin þegar við skipuleggjum okkar umfjöllun, heldur viðburðina sem slíka, algjörlega óháð því hvort um karla eða konur er að ræða.“ Þannig er það ekki eiginlegt markmið íþróttadeildanna að skrifa meira um íþróttir kvenna, til þess að jafna hlutfallið, heldur frekar að mæta eftirspurn lesenda. Eins og einn svarenda benti á, þá færi ekki fram sérstök talning á því, hve margar fréttir væru skrifaðar um hvort kyn fyrir sig, heldur væri reynt að gera þeim viðburðum skil, sem mesta eftirspurnin væri eftir.

Líkt og kom fram í megindelega hluta rannsóknarinnar, þá hefur hlutfall fréttar af íþróttum kvenna aukist, ef tekið er mið af fyrri rannsóknum á svipuðu efni. Í þeim íslensku rannsóknum sem áður hafa verið gerðar og getið var í kafla 1.3, þá voru íþróttir karla viðfangsefni íþróttufréttar í tæplega 90% tilfella, samanborið við tæp 10% kvenfréttar. Mínar niðurstöður sýna, að hlutfall kvenfréttar íslensku miðlanna hefur

aukist og er á bilinu 16-17%. Um hugsanlega ástæðu fyrir þessum breytingum, þá telur annar íslensku viðmælenda minna, að; „*umræðan um umfjöllun fjölmiðla um kveníþróttir hafi haft áhrif og ýtt við starfsmönnum ritstjórna á fjölmiðlum í þá átt að þeir fjalli meira um íþróttir kvenna. Því er nauðsynlegt að umræðan haldi áfram.*“

3.5.2 Um efnistöðum íþróttablaðanna

Við rýningu á niðurstöðum innihaldsgreiningarinnar, vekur það athygli hve lítið er um fréttaskýringar og rannsóknarblaðamennsku á öllum miðlum. Hlutfall pistla blaðamanna er 1% á öllum miðlum, nema á Morgunblaðinu (2%). Íþróttablaðamennska virðist í fljótu bragði snúast um að greina frá úrslitum og því sem er að gerast á líðandi stundu, en minni áhersla virðist vera lögð á vangaveltur blaðamanna. Þó virðist það vera opinber stefna miðlanna að veita blaðamönnum sínum ákveðið svigrúm til sjálfstæðra vinnubragða, líkt og hér verður greint frá.

Viðmælendur mínir voru flestir sammála um, að það ætti ekki eingöngu að vera hlutverk íþróttablaðamanna að greina frá úrslitum íþróttakappleikja. Það væri liðin tíð, að íþróttafréttamennska snerist eingöngu um að greina frá úrslitum, stöðutöflum og því sem gerðist inni á íþróttavellinum. Mikilvægt væri að kafa dýpra og skoða t.d. það sem er í gangi í höfðinu á íþróttafólki hverju sinni. Auk þess ætti það að vera hlutverk blaðamanna að kanna það sem gerðist á bak við tjöldin, s.s. í búningsklefa íþróttaliða og í stjórnarherbergjum. Þannig mætti veita hinu „innra lífi íþróttanna“ aukna athygli og þá fengju lesendur eitthvað til þess að ræða um og taka afstöðu til.

Bentu tveir viðmælendanna á, að íþróttablaðamennska væri að breytast og að miðlarnir yrðu að taka tillit til þess. Dagblöð væru með önnur efnistöð nú á dögum en áður, á þann hátt að; „*fréttir gærdagsins hafa þegar verið sagðar í netmiðlum og hlutverk dagblaðsins er frekar að koma með áhugaverða fleti og helst nýjar hliðar á því sem gerðist, sem og að horfa enn frekar fram á við.*“ Af þessu mætti ætla, að meiri

ábyrgð hafi verið sett á íþróttablaðamenn að stunda sjálfstæð vinnubrögð í formi persónulegra pistla og viðhorfsgreina. Enda er sú raunin. Þó er sá munur á miðlunum, að t.d. á Jyllands-Posten, þá er það aðeins íþróttaritstjórinn sem greina má frá persónulegum skoðunum sínum í pistlum. Þessu er öðruvísi farið á Morgunblaðinu, þar sem mikið er lagt upp úr því að blaðamenn skrifi persónulega pistla og viðhorfsgreinar. Þá er einnig töluvert lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum á frímiðlunum tveimur, þ.e. Fréttablaðinu og Metroxpressen.

3.5.3 Starfsfólk íþróttadeildanna

Við innihaldsgreiningu íþróttufréttanna, þá voru fréttirnar m.a. greindar eftir kyni höfunda fréttanna. Ef einhver var á annað borð skráður fyrir íþróttufrétt, þá var blaðamaðurinn undantekningalaust karlmaður. Aðspurðir hvernig kynjaskipting starfsmanna íþróttadeildarinnar væri, reyndust eingöngu karlmenn vinna á íþróttadeild allra miðlanna fjögurra. Einn viðmælendanna sagði að konur hefðu einfaldlega ekki sóst eftir því, að starfa á íþróttadeildinni. Það er því ljóst að heimur íþróttablaðamennskunnar er mjög karllægur, hvað varðar þá aðila sem helga sig starfi íþróttablaðamannsins. Eflaust hefur þetta áhrif á þau viðfangsefni sem fjallað er um á íþróttasíðum blaðanna.

4. Umræður

4.1 Hlutfall kynjanna

Markmið rannsóknarinnar var að skoða þær áherslur sem eru í íþróttaumfjöllun íslenskra dagblaða annars vegar og danskra dagblaða hins vegar. Hvað varðar kynjahlutfall íþróttufréttanna þá er ljóst, að verulega hallar á umfjöllun um íþróttir kvenna. Karlmenn þekja mikinn meirihluta íþróttasíðna allra dagblaðanna fjögurra. Við samanburð á íslensku dagblöðunum og þeim dönsku kemur í ljós, að íslensku miðlarnir standa sig eilítið betur við að veita íþróttum kvenna athygli, líkt og sjá má á mynd 6, bls.

23. Sérstaklega dregur í sundur með íslensku blöðunum og þeim dönsku þegar kemur að myndbirtingum og viðmælendum, en á dönsku miðlunum er hlutfall kvenna mjög lágt þegar kemur að þessum ákveðnu atriðum, á meðan hlutfallið er ögn hærra á íslensku miðlunum.

4.1.1 Fjölmiðlavöktun Global Media Monitoring Project (GMMP)

Á undanförunum áratugum hafa alþjóðastofnanir unnið markvisst að því að reyna að jafna hlut karla og kvenna í fjölmiðlum. Þannig lögðu Sameinuðu þjóðirnar áherslu á mikilvægi jafnrar þátttöku kynjanna í fjölmiðlum í framkvæmdaáætlun sinni um málefni kvenna árið 1995. Í kjölfar framkvæmdaáætlunarinnar var aukin áhersla lögð á að fylgjast með kynjahlutföllum og birtingarmyndum kynjanna í hinum ýmsum fjölmiðlum heimsins. Því tóku samtökin World Association for Christian Communication (WACC) sig til og skipulögðu fjölmiðlavöktun á ýmsum fjölmiðlum heimsins, í samstarfi við félagasamtök kvenna, félagasamtök fjölmiðlafólks og hina ýmsu háskóla. Fjölmiðlavöktunin Global Media Monitoring Project (GMMP) er afleiðing þeirrar vinnu, en þetta verkefni er stærsta kynjahlutfallsvöktunin sem framkvæmd er í heiminum. Markmiðið með vöktuninni er að varpa ljósi á stöðu kvenna í fjölmiðlum, í þeirri von að auka smám saman þátttöku þeirra, þannig að þær geti í auknum mæli haft áhrif á samfélagið.

Fjölmiðlavöktunin fer þannig fram, að helstu fréttamiðlar þáttökulandanna eru vaktaðir á ákveðnum tíma á ákveðnum degi og fréttir þeirra kóðaðar eftir samræmdum reglum GMMP. Vöktunin felur í sér athuganir á dagblöðum, sjónvarpi, útvarpi, Interneti og samfélagsmiðlinum Twitter. Vöktunin var fyrst framkvæmd árið 1995 og hefur verið gerð á 5 ára fresti, allar götur síðan. Í fyrstu vöktuninni voru þáttökulöndin 71 talsins, en síðan þá, hefur umfang rannsóknarinnar aukist og þegar sú síðasta var framkvæmd árið 2015, voru þáttökulöndin orðin 114.

Niðurstöður fjölmiðlavöktunarinnar í gegnum tíðina sýna, að ákveðin bragarbót hefur

átt sér stað þegar kemur að auknu jafnvægi í birtingu kynjanna í fjölmiðlum. Hlutfall kvenna hefur smám saman farið hækkandi, en niðurstöður fyrstu vöktunarinnar sýndu að hlutfall kvenna í fjölmiðlum væri einungis 17%. Í niðurstöðunum fyrir árið 2015 var hlutfall kvenna í fréttum miðlanna komið upp í 24% og stóð hlutfallið í stað frá mælingunni sem framkvæmd var árið 2010. Reyndust þetta vera ákveðin vonbrigði, enda hafði hlutfallið farið stighækkandi fram að því. Eftir stendur, að tæplega fjórðungur allra fréttu sem kóðaðar voru í þátttökulöndum fjölmiðlavöktunar GMMP, hafa konur að umfjöllunarefni (World Association for Christian Communication, 2015).

4.1.2 Fjölmiðlavöktun GMMP á Íslandi

Ísland tók í fyrsta sinn þátt í fjölmiðlavöktun GMMP árið 2010 og því var Ísland þátttakandi í annað sinn, þegar vöktunin var framkvæmd árið 2015. Niðurstöðurnar fyrir árið 2015 sýndu, að ein af hverjum fimm íslenskum fréttum höfðu konur að umfjöllunarefni (World Association for Christian Communication, 2015). Hlutfallið á Íslandi er því töluvert lægra en það er, á heimsvísu. Auk þess, þá hefur hlutfallið lækkað um heil 8% á 5 árum, því árið 2010 var hlutfall kvenfrétta 28%. Þróunin á Íslandi hefur sem sagt verið í þveröfuga átt, miðað við uppgefin markmið GMMP-samtakanna.

4.1.3 Samanburður á fjölmiðlavöktun GMMP og íslenskum íþróttufréttum

Ef við berum niðurstöður fjölmiðlavöktunar GMMP á Íslandi saman við niðurstöður mínar af íslenskum íþróttufréttum, þá er hlutfallið mjög svipað. Líkt og kom fram í umfjölluninni um vöktun GMMP á Íslandi, þá er hlutfall kvenna í íslenskum fréttum 20%. Í niðurstöðum innihaldsgreiningarinnar sem þessi ritgerð byggir á, þá voru fréttirnar aðgreindar í 3 flokka; þ.e. karlfréttir, kvenfréttir og kynjablandaðar fréttir. Ef kvenfréttirnar eru lagðar saman við kynjablönduðu fréttirnar, þá eru samankomnar allar þær fréttir sem hafa konur til umfjöllunar, á einn eða annan hátt. Af þeim 928 íþróttufréttum sem innihaldsgreindar voru í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, þá höfðu

22,7% fréttanna konur til umfjöllunar. Eru þessar niðurstöður mjög svipaðar niðurstöðum fjölmiðlavöktunar GMMP. Rétt er að taka fram, að innihaldsgreiningin sem þessi ritgerð byggir á, fór fram á dagblöðum gefnum út árið 2013, en fjölmiðlavöktun GMMP var framkvæmd árið 2015.

4.1.4 Kynjamisræmið í íþróttafréttum dagblaðanna

Af viðtölum mínum við starfsmenn íþróttadeilda dagblaðanna, má greina að áhugi almennings ræður mestu um það, hvað er til umfjöllunar í dagblöðunum hverju sinni. Bent var á, að áhugi almennings væri mestur á íþróttum karla og þar sem það væri hlutverk fjölmiðla að endurspegla raunveruleikann, þá væru íþróttir karla óhjákvæmilega mikið í brennidepli. Efnistöð blaðsins tækju einfaldlega mið af því sem almenningur vildi sjá og lesa um. Engu máli skipti um hvort kynið væri að ræða, því ef viðfangsefnið vekti áhuga hjá almenningi, þá væri það til umfjöllunar.

Það er því ljóst, að töluvert vantar upp á að jafnræði verði náð í umfjöllun á íþróttum karla annars vegar og íþróttum kvenna hins vegar í dagblöðum. Það er ekkert launungarmál, að karlíþróttir njóta mun meiri vinsælda ef horft er til áhuga almennings og á meðan staðan er þannig, þá er erfitt að sjá að hlutfallið muni jafnast. Þó er það svo, líkt og sýnt hefur verið á hér framar í ritgerðinni, að íþróttir kvenna eru farnar að vekja meiri athygli íþróttablaðamanna og er það vissulega vel. Benti einn viðmælendanna á, að umræðan um umfjöllun fjölmiðla um kveníþróttir hefði þar haft töluverð áhrif og gert það að verkum að umfjöllunin um íþróttakonur hefði aukist.

Undanfarin ár hefur umræðan í samfélaginu verið á þá leið, að kvartað hefur verið undan þessu hlutfallslega misræmi sem á sér stað, þegar kemur að íþróttaumfjöllun um kynin. Athyglisvert er að velta þessum hlutfallslega mun fyrir sér, í ljósi þess að á þeim miðlum sem ég hafði til rannsóknar, voru eingöngu karlkyns starfsmenn. Einn viðmælendanna benti t.a.m. á að engar konur hefðu sóst eftir því að starfa á

íþróttadeildinni. Heimur íþróttablaðamennskunnar er mjög karllægur og hefur það eflaust áhrif á þau viðfangsefni sem til umfjöllunar eru. Í þeim tilfellum þegar þó er verið að fjalla um kveníþróttir, þá eru það karlmenn sem sjá um þær umfjallanir. Áhugavert væri að sjá hvort hlutfallið myndi jafnast ef konur tækju til starfa á íþróttadeildunum.

4.2 Íþróttagreinar

Við samanburð á þeim íþróttagreinum sem blöðin hafa til umfjöllunar, kemur margt athyglisvert í ljós. Knattspyrna er langvinsælasta umfjöllunarefnið á öllum dagblöðunum fjórum, þó hlutfallið sé breytilegt á milli miðlanna. Handbolti er næstvinsælasta umfjöllunarefni allra miðlanna, en hlutfallið er þó mun hærra á íslensku miðlunum tveimur. Þá eru hlutfallslíkindi íslensku miðlanna og þeirra dönsku upptalin, hvað varðar þær íþróttagreinar sem til umfjöllunar eru. Körfubolti er þriðja vinsælasta umfjöllunarefni beggja íslensku dagblaðanna, en íþróttin hlýtur litla sem enga athygli í dönsku dagblöðunum. Því miður skekkist þessi tiltekni rannsóknarflokkur töluvert vegna þeirra íþróttagreina sem falla undir aðrar íþróttagreinar, en þetta var sérstaklega vandamál við innihaldsgreininguna á dönskum miðlunum.

Eins og áður segir, þá er ákaflega erfitt að gera breytingar á breytulista þegar vel er liðið á innihaldsgreiningu og því reynist hlutfall þessa tiltekna flokks annarra íþróttagreina vera óþarflega hátt. Þetta á einkum við um innihaldsgreininguna á dönsku miðlunum, því íþróttir eins og tennis, badminton og hjólrreiðar eru vinsæl umfjöllunarefni, en voru ekki tilgreindar sem sérstakar íþróttagreinar. Ef innihaldsgreiningin yrði endurtekin væri heppilegt, að hafa þessar tilteknu íþróttagreinar undir sér hatti.

Að síðustu er rétt að geta þess, að hlutfall umfjöllunar um íþróttir almennt er umtalsvert hærra á dönsku miðlunum, samanborið við þá íslensku. Dönsku miðlarnir, þá sérstaklega Jyllands-Posten, beitir sér mun meira fyrir ítarlegri umfjöllun um ákveðin

málefni tengd íþróttum, s.s. á sviði dómaramála, lyfjamisferla og veðmálasvindla, en þetta eru allt málefni sem falla undir flokk almennra íþróttá. Minna fer fyrir fréttaskýringum og rannsóknarblaðamennsku á íslensku miðlunum.

4.3 Heimildir og uppruni

Einn aðalmunurinn á íslensku miðlunum annars vegar og þeim dönsku hins vegar er, að dönsku miðlarnir vitna mun oftár í heimildir í fréttum sínum, auk þess sem þeir reiða sig á fréttaveitur í mun meiri mæli. Mjög óljóst er hvaðan íslensku miðlarnir fá heimildir sínar, sérstaklega þegar um erlendrar fréttir er að ræða. Ef hlutfallið er skoðað á milli innlendra og erlendra fréttá, þá kemur í ljós að dagblöðin fjögur eru á svipuðu reki hvað þetta atriði varðar. Morgunblaðið leggur þó mesta áherslu á erlenda íþróttumfjöllun, en þessu er öfugt farið hjá Fréttablaðinu þar sem erlenda umfjöllunin er minni. Dönsku blöðin eru mitt á milli íslensku miðlanna og því er ekki hægt að segja að nein skýr aðgreining sé á íslenskum og dönskum miðlum, hvað varðar hlutfall innlendar og erlendar íþróttumfjöllunar.

4.4 Innlend og erlend svæði

Afar erfitt er að bera saman þau innlendu svæði sem miðlarnir höfðu til umfjöllunar. Þó er greinilegt að meirihluti allra íþróttáfrétta hjá öllum miðlunum fjalla um landið allt. Hvað varðar erlend svæði sem til umfjöllunar eru, þá eru miðlarnir nokkuð samstíga. Bretland er það land sem langmesta athygli fær og ræður enska knattspyrnan þar mestu um. Athyglisverð er sú mikla umfjöllun sem Morgunblaðið veitir Norðurlöndunum, en ástæðuna fyrir því má rekja til þess gríðarlega fjölda Íslendinga sem æfa og keppa á því svæði. Allir miðlarnir fjórir einbeita sér mestmegnis að evrópskum fréttum, en aðrar heimsálfur hljóta litla sem enga athygli, að N-Ameríku undanskilinni.

4.5 Starf íþróttblaðamannsins

Viðmælendur mínir bentu á að íþróttblaðamennskan væri farin að snúast um meira en að greina frá úrslitum, stöðutöflum og því sem gerðist inni á íþróttavellinum. Þetta væri ákveðin breyting sem átt hefði sér stað, m.a. í kjölfar innrásar Internetsins og dagblaðamiðlarnir yrðu að taka mið af þessum breytingum. Dagblöðin væru þannig með önnur efnistöð nú á dögum, samanborið við það sem áður var. Kröfurnar væru orðnar ríkari á dýpri fréttaskýringar þar sem kafað væri undir yfirborðið. Ríkari áhersla væri lögð á fréttaskýringar, viðhorfsgreinar og persónulega pistla blaðamanna.

5. Lokaorð

Rannsóknarspurning verkefnisins var; *Hver eru helstu áhersluatriði íslenskra dagblaða annars vegar og danskra dagblaða hins vegar, þegar kemur að íþróttumfjöllun?* Í raun og veru má segja, að munurinn sé ekki svo mikill. Í báðum löndum er hlutfall íþróttufréttu af konum mjög lágt, sömu íþróttagreinar eru fyrirferðarmestar og umfjöllun um innlenda íþróttaviðburði er í meirihluta. Vissulega eru ákveðin atriði sem aðgreina miðlana, en í stórum dráttum er munurinn á íþróttumfjöllun fréttu íslenskra og danskra dagblaða minniháttar.

Vissulega eru niðurstöðurnar athyglisverðar. Í fyrri rannsóknum á sama viðfangsefni hefur verið sýnt fram á, að konur séu allt að því ósýnilegar í íþróttufréttum fjölmiðla. Niðurstöður þær sem greint hefur verið frá í þessari ritgerð sýna, að lítil breyting hefur átt sér stað í þeim efnum, því konur eru enn í miklum minnihluta þegar kemur að umfjöllunarefni íþróttufréttu, í myndbirtingu þeirra og í vali á viðmælendum. Þá hefur engin breyting átt sér stað hvað varðar þær íþróttagreinar sem helst eru til umfjöllunar, því knattspyrna ber sem fyrr höfuð og herðar yfir aðrar íþróttagreinar. Auk þessa, þá er innlend íþróttumfjöllun í meirihluta, samanborið við fréttir af erlendum vettvangi. Öll þessi atriði eiga jafn vel við um íslenska íþróttafjölmiðlun sem og þá dönsku.

Íþróttafjölmíðlun. Að þessu gefnu má slá því föstu, að lítill munur er á íþróttaumfjöllun íslenskra dagblaða og íþróttaumfjöllun danskra dagblaða, hvort sem um er að ræða áskriftarmiðla eða frímiðla.

6. Heimildaskrá

Anna Guðrún Steindórsdóttir. (2007). *Íþróttafréttir í dagblöðum*. BS-ritgerð: Kennaraháskóli Íslands, Íþróttabraut.

Hilmar Thor Bjarnason og Jódís Bjarnadóttir. (2000). *Birtingarmyndir karla og kvenna í íþróttufréttum íslenskra dagblaða 1999-2000*. Óbirt rannsókn: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Horky, Thomas og Nieland, Jörg-Uwe. (2013). *International Sports Press Survey*. Norderstedt: Books on Demand GmbH.

Idrættens Analyseinstitut. (2012). *Idræt i avisen. Danske avisers dækning af idrætsområdet*. Kaupmannahöfn: Ditte Toft.

Kolbeinn Tumi Daðason. (2013). *Íþróttufréttamennska á Íslandi. Íþróttaumfjöllun um karla og konur á íslenskum vefmiðlum*. MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Neuman, W.L. (2011). *Social Research Methods. Qualitative and Quantitative Approaches*. Boston: Pearson.

World Association for Christian Communication. (2015). *Who makes the News? - Global Media Monitoring Project*. Toronto: Höfundur

World Association for Christian Communication. (2015). *Who makes the News? - Iceland - Global Media Monitoring Project*. Toronto: Höfundur

Viðauki 1

Í viðauka 1 gefur að líta breytulistann sem innihaldsgreining rannsóknarinnar byggir á. Allar íþróttافرéttir miðlanna fjögurra voru flokkaðar eftir þeim 42 breytum, sem hér koma fram.

Víddir

<i>Blað</i>	<i>Dagssetning</i>	<i>Síðustærð (cm²)</i>
<i>Blaðsíðufjöldi blaðs, alls</i>	<i>Íþróttæfni-blaðsíðufjöldi</i>	<i>Auglýsingar á íþróttas. (cm²)</i>

Almennt

<i>Fréttanúmer</i>	<i>Dagur</i>	<i>Miðill</i>
<i>Staða 1</i>	<i>Staða 2</i>	<i>Stærð fréttar</i>
<i>Fyrirsögn</i>		

Myndir

<i>Myndnotkun – ljósmynd</i>	<i>Stærð ljósmynda</i>	<i>Stærð ljósmynda 2</i>
<i>Stærð ljósmynda 3</i>	<i>Stærð ljósmynda 4</i>	<i>Ljósmynd – efni kk</i>
<i>Ljósmynd – efni kvk</i>	<i>Ljósmynd – efni blandað</i>	<i>Skýringarmynd</i>
<i>Skjámynd</i>		

Heimild

<i>Blaðamaður</i>	<i>“Genre”</i>	<i>Heimild – uppruni</i>
-------------------	----------------	--------------------------

Landfræðileg lega fréttar

<i>Uppruni fréttar</i>	<i>Innlend svæði</i>	<i>Erlend svæði</i>
------------------------	----------------------	---------------------

Viðfangsefni fréttarinnar

<i>Íþróttagrein</i>	<i>Íþróttagrein eftir kyni</i>	<i>Umfjöllunarefni</i>
---------------------	--------------------------------	------------------------

Viðmælendur*Viðmælendur kk**Viðmælendur kvk**Staða viðmælanda**Staða viðmælanda 2**Staða viðmælanda 3**Staða viðmælanda 4***Auglýsingar***Stærð auglýsingar**Efni auglýsingar**Tilhöfðun auglýsingar***Annað***Athugasemdir*

Viðauki 2

Í viðauka 2 gefur að líta upplýsingarnar sem sendar voru á starfsmenn íþróttadeilda miðlanna fjögurra, auk þeirra grunnsurninga sem fyrir þá voru lagðar. Spurningarnar má sjá á bls. 59. Textinn sem sendur var blaðamönnum til upplýsingar um rannsóknarverkefnið, má sjá skáletraðan hér að neðan.

Ég heiti Eyjólfur Héðinsson og ég er nemandi í félags-og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands. Ég er að vinna að BA-ritgerð sem lýtur að rannsókn á innihaldi íþróttufrétta fjögurra dagblaða á Íslandi og í Danmörku. Markmið rannsóknarinnar er að skoða þær áherslur sem eru í íþróttaumfjöllun íslenskra dagblaða annars vegar og danskra dagblaða hins vegar. Rannsóknarspurningin er: Hver eru helstu áhersluatriði íslenskra dagblaða annars vegar og danskra dagblaða hins vegar, þegar kemur að íþróttaumfjöllun?

Ég hef nú þegar gert innihaldsgreiningu á íþróttufréttum Morgunblaðsins, Fréttablaðsins, Jyllands-Posten og Metroxpressen. Eftir að hafa rýnt í niðurstöður innihaldsgreiningarinnar, vöknudu upp ákveðnar spurningar sem ég vonast til þess að fá svör við. Þess vegna leita ég til þín, í þeirri von um að þú getir hjálpað mér að fá fram svör við þessum vangaveltum mínum. Þætti mér vænt um að þú gæfir þér tíma í að svara þessum spurningum.

*Með fyrirfram þökk fyrir hjálpina,
Eyjólfur Héðinsson*

1. Nú eru fréttir af íþróttum karla fyrirferðarmeiri á íþróttasíðum fjölmiðilsins, samanborið við fréttir af íþróttum kvenna. Hverjar telur þú að séu skýringarnar á því?
2. Er það hluti af stefnu íþróttadeildar fjölmiðilsins að reyna að gæta jafnvægis milli kynjanna í íþróttumfjöllun?
3. Hvað ræður því þegar íþróttablaðamenn og ljósmyndarar á vegum fjölmiðilsins eru sendir á íþróttaviðburði?
4. Hver er stefna íþróttadeildar fjölmiðilsins þegar kemur að efnistöfum íþróttablaðsins? Er ætlast til þess að blaðamenn stundi sjálfstæð vinnubrögð í formi pistla eða rannsóknarblaðamennsku?
5. Hver er stefna íþróttadeildar fjölmiðilsins þegar kemur að heimildatilvísunum?
6. Hvernig er kynjaskiptingu starfsmanna íþróttadeildar þíns fjölmiðils háttað?